



SKÝRSLA STJÓRNAR

NPA MIÐSTÖÐVARINNAR SVF.

Starfstímabilið 29. maí 2022 til 20. maí 2023

Skýrsla lögð fram á aðalfundi
NPA miðstöðvarinnar
20. maí 2023



Efnisyfirlit

1 YFIRLIT STARFSTÍMABILS.....	1
1.1 Grunnþjónusta NPA miðstöðvarinnar.....	1
1.1.1 Störf NPA ráðgjafa.....	2
1.1.2 Bókhald og launavinnsla	3
1.1.3 Önnur ráðgjöf.....	4
1.2 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar.....	4
1.3 Fræðsla.....	4
1.3.1 Fræðsla á vegum hins opinbera	4
1.3.2 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar	5
1.3.3 Fræðsla 2023-2024 og til framtíðar	5
1.3.4 Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar.....	6
1.3.5 Fræðsla og þjónusta iðjuþjálfara.....	6
1.3.6 Jafningaspjall	7
1.4 Viðburðir	7
1.4.1 Félagsfundir.....	7
1.4.2 Skemmtiviðburðir	7
1.5 Verkefni um miðlun upplýsinga	8
1.5.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar	9
1.5.2 Verkstjórnendahandbók	9
1.5.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk	9
1.6 Kynningarstarf og fjölmiðlar	10
1.6.1 Samfélagsmiðlar.....	10
1.6.2 Greinaskrif og viðtöl í fjölmiðlum.....	11
1.7 Baráttumál félagsfólks	11
1.8 Kerfislausnir	12
1.8.1 Tímon tekið í almenna notkun.....	12
1.8.2 Áframhaldandi þróun Salesforce	13
1.8.3 Asana tekið í notkun	13
1.8.4 Áframhaldandi samstarf við Halló.....	13
1.9 Húsnaði, húsgögn og innréttинг skrifstofu.....	14
1.10 Hagsmunagæsla og réttindamál	14
1.10.1 Kærumál.....	16

1.10.2 Fjöldi NPA samninga í ósamræmi við lög	16
1.10.3 Áfangasigur um fjölgun NPA samninga.....	17
1.10.4 Að sjálfsögðu eiga fötluð börn rétt á NPA	19
1.10.5 Umsagnir um lagafrumvörp	19
1.10.6 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki.....	20
1.11 Nýir kjarasamningar og viðræður við Eflingu og Starfsgreinasambandið.....	20
1.11.1 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækunar kjarasamnings.....	22
1.11.2 Innheimtuaðgerðir gagnvart sveitarfélögum og árangur þeirra.....	22
1.12 Erlent samstarf, ráðstefnur og viðburðir erlendis	23
1.12.1 Ráðstefnur.....	23
1.12.2 NordPlus COMPASS - Norrænt samstarf.....	23
1.12.3 ENIL og Freedom Drive	24
1.13 Heimsfaraldri COVID-19 lokið	24
1.14 Starfið framundan	25
2 NPA MIÐSTÖÐIN	27
2.1 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar	27
2.1.1 Fallnir félagar	27
2.2 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks.	27
2.3 Félagsfundir.....	28
2.4 Fjöldi NPA aðstoðarfólks	28
2.5 Stjórn.....	28
2.5.1 Fjöldi stjórnarfunda.....	29
2.6 Starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar	29
2.6.1 Starfsmannavelta hjá NPA miðstöðinni	30
2.7 Rekstur og stefnumótun NPA miðstöðvarinnar.....	30
2.8 Rekstur og fjárhagur.....	31
2.9 Starfsemi NPA miðstöðvarinnar.....	32
2.9.1 Starfsemi á skrifstofu	32
2.9.2 Húsnæði NPA miðstöðvarinnar.....	32
2.9.3 Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar.....	33
2.9.4 Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar.....	33
2.9.5 Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar.....	33

1 YFIRLIT STARFSTÍMABILS

Þegar litið er yfir helstu verkefni nýliðins starfsárs og skoðað hvað einkenndi starfsemi NPA miðstöðvarinnar á því tímabili, er margt sem mætti nefna. Eftirfarandi er þó meðal þess sem stendur upp úr.

Undanfarið hálft ár hefur starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar verið fjölgað umtalsvert, til að bæta þjónustu miðstöðvarinnar og vegna aukins álags og fjarveru í tengslum við veikindi og barneignir starfsfólks. Þrátt fyrir að eftirkasta COVID-19 hafi gætt í miðstöðinni eins og víða í samfélaginu, þá náðist sá ánægjulegi áfangi þegar leið á starfsárið, að verkefni tengd COVID-19 heyra nú sögunni til. Því ber að fagna og er léttir fyrir öll.

Hvað helstu verkefni varðar, þá var mikilvægt skref stigið þegar siðasáttmáli og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi var sett í loftið á seinni hluta síðasta árs, 2022. Einnig má nefna áframhaldandi innleiðingu á Tímon tímaskráningarkerfinu. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar í dag Tímon til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir en tilkoma Tímon hefur einfaldað skráningar verulega. Jafnframt hóf NPA miðstöðin að bjóða sínu félagsfólk nýja þjónustu síðastliðið sumar, þegar samstarf við Guðrúnu Jóhönnu Hallgrímsdóttur iðjuþjálfa hjá Heimastyrk hófst. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar hefur nú kost á að fá ráðgjöf og þjónustu iðjuþjálfa sér að kostnaðarlausu, allt að þrisvar sinnum á hverju almanaks ári.

Síðast en ekki síst náðist mikilvægur áfangi í baráttunni fyrir áframhaldandi fjölgun NPA samninga. Stjórnarráðið tilkynnti í desember síðastliðnum, að hækka skyldi framlög ríkisins til NPA samninga um nær 50% á þessu ári sem myndi gefa svigrúm fyrir allt að 50 nýjum NPA samningum árið 2023. Um síðustu áramót rann út bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og ljóst var að ef ekkert yrði aðhaft myndi ríkja alger óvissa um frekari fjölgun NPA samninga. Ef NPA miðstöðin hefði ekki stigið ákveðið til jarðar með gagnaöflun, þrýstingi og stofnun samráðshóps sem fundaði með yfirvöldum, má telja ólíklegt að loforð um fjölgun NPA samninga lægju fyrir. Eins og ævinlega verður hins vegar að fylgja því eftir að fjölgun NPA samninga verði í samræmi við nýtt bráðabirgðaákvæði laga og mun NPA miðstöðin að sjálfsögðu standa þá vakt.

1.1 Grunnþjónusta NPA miðstöðvarinnar

Umsýsla NPA samninga félagsfólks NPA miðstöðvarinnar og ráðgjöf til félagsfólks og aðstoðarfólks er mikilvægasti þátturinn í starfi miðstöðvarinnar og í raun það sem öll starfsemi miðstöðvarinnar snýst um.

1.1.1 Störf NPA ráðgjafa

Hlutverk NPA ráðgjafa er að ráðleggja og styðja verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA.

Aðstæður NPA verkstjórnenda og almenn þörf þeirra fyrir ráðgjöf og þjónustu ráðgjafa við sína verkstjórn er mjög breytileg. Jafnframt er mjög misjafnt hvernig þjónustu fólk nýtir mest hjá miðstöðinni. Meðan sum þurfa meiri aðstoð við þætti sem lúta að daglegri verkstjórn þá eru önnur sem hafa ítrekað fengið aðstoð NPA miðstöðvarinnar við að reka sín mál innan kerfisins, hvort sem er hjá stjórnsýslunni eða innan dómskerfisins og geta slík mál krafist þó nokkurrar vinnu af hálfu miðstöðvarinnar.

Störf NPA ráðgjafa eru mjög fjölbreytt enda er það mjög einstaklingsbundið hvað hver og einn verkstjórnandi eða aðstoðarmanneskjá þarf ráðgjöf eða aðstoð við.

Ráðgjafar NPA miðstöðvarinnar veita ráðgjöf og aðstoða félagsfólk t.d. við eftirfarandi:

- Vakta- og viðveruáætlanir.
- Skráningar viðveru í Tímon.
- Auglýsa eftir aðstoðarfólki.
- Taka atvinnuviðtöl.
- Ráðningar.
- Uppsagnir.
- Samningagerð.
- Kjarasamninga.
- Útreikninga á launakostnaði.
- Margt fleira sem tengist framkvæmd NPA.
- Samskiptaerfiðleikar eða aðrar áskoranir sem beina þarf í réttan farveg.
- Samskipti við sveitarfélög, m.a. til að þrýsta á um réttindi félagsfólks.

Rétt er að hnykkja á því að ráðgjafar eru að sjálfsögðu einnig til staðar fyrir aðstoðarfólk.

Hér eru fleiri dæmi um verkefni ráðgjafa:

- Svara spurningum aðstoðarfólks og veita ráðgjöf eða aðstoða með öðrum hætti.
- Veita öðrum sem eru áhugasöm um NPA, upplýsingar um NPA, réttinn til NPA, hvernig sótt er um NPA o.fl.
- Sinna einnig ýmsum öðrum verkefnum eins og handbókarskrifum, uppbyggingu fræðslustarfs og mörgu fleira.

Á nýliðnu starfsári voru tekin fyrstu skref varðandi samráðsfundi með ráðgjöfum sveitarfélaga til að byggja brú á milli ráðgjafa NPA miðstöðvarinnar og ráðgjafa sveitarfélaga. Nú þegar hefur það stytt boðleiðir og orðið til þess að mál hafa rekist betur hjá tilteknu sveitarfélagi.

Róðurinn var orðinn þungur hjá ráðgjöfum miðstöðvarinnar á nýliðnu starfsári og fyrir vikið var ákveðið að ráða nokkra ráðgjafa til starfa. Í desember síðastliðnum voru ráðgjafar á skrifstofu 5 talsins en í dag eru ráðgjafar orðnir 8.

Samhliða vexti miðstöðvarinnar og fjölgun í hópi starfsfólks er verið að þróa ýmsa þætti í starfseminni, t.d. byggja upp skýrari verkferla, bæta við eyðublöðum, taka ný kerfi í notkun og þróa þjónustulíkan fyrir ráðgjafa miðstöðvarinnar svo dæmi sé tekið. Þessi verkefni og fleiri til, verða unnin í áföngum eftir því sem tök eru á, enda að mörgu að huga við uppbyggingu NPA miðstöðvarinnar.

Teymisstýra ráðgjafa er Inga Dóra Glan. Hún hóf störf sem NPA ráðgjafi í ágúst 2021 og tök við hlutverki teymisstýru í apríl síðastliðnum. Inga Dóra er með BFA í grafískri hönnun og MA í náms- og starfsráðgjöf. Teymisstýra ber ábyrgð á faglegu starfi ráðgjafa og stýrir daglegu starfi þeirra, auk þess að hafa yfirsýn yfir verklag og vinnureglur ráðgjafa og margt fleira.

1.1.2 Bókhald og launavinnsla

Verkefni bókhalds- og launadeildar eru orðin ansi umfangsmikil, samhliða fjölgun félagsfólks og auknum fjölda aðstoðarfólks. Hlutverk starfsfólks í bókhalds- og launadeild felast í meginindráttum í bókhaldi NPA miðstöðvarinnar og öllu því sem tengist launagreiðslum til aðstoðarfólks og starfsfólks á skrifstofu.

Verkefni tengd launavinnslu og bókhaldi NPA miðstöðvarinnar eru margbætt og gefur eftirfarandi upptalning innsýn í helstu verkefni bókhalds- og launadeildar.

- Launaútreikningar aðstoðarfólks, að færa laun og greiða þau, breytingar á launum og önnur tengd verkefni.
- Útgáfa vottorða fyrir aðstoðarfólk.
- Útbúa rekstrarskýrslur fyrir notendur.
- Útbúa reikninga.
- Stemma af bókhald og sjá um forvinnu fyrir ársuppgjör fyrir endurskoðendur NPA miðstöðvarinnar.
- Samskipti við sveitarfélög, notendur og aðstoðarfólk.

Samhliða vexti NPA miðstöðvarinnar hefur smám saman verið nauðsynlegt að endurskoða verkferla í bókhaldi.

- Tilkoma Tímon viðveruskráningarforritsins átti t.d. sinn þátt í að auka sjálfvirkni í bókhaldinu. Tímon kerfið var nýkomið í almenna notkun þegar nýliðið starfsár hófst. Með tilkomu Tímon varð launavinnsla sjálfvirkari og einfaldari en þegar verkstjórnendur skiliðu upplýsingum um viðveru aðstoðarfólks í Excel skjölum eins og hafði tíðkast. Handavinna varð því talsvert minni og síður hætta á innsláttarvillum eða ósamræmi á milli vinnuskýrslna og launaseðla.
- Á nýliðnu starfsári var lögð meiri áhersla á að straumlínulaga bókhaldið þannig að það yrði skilvirkara og öruggara.
- Framundan eru tækifæri til að þróa verkferla og standa vonir til að hægt verði að hleypa krafti í þá vinnu á nýju starfsári, samhliða öðrum verkefnum.

Síðan um áramót hefur fjöldi starfandi bókara farið úr 2 í 4 og hefur það létt álag hjá deildinni. Í dag starfa 5 launafulltrúar/bókarar hjá miðstöðinni (af þeim er ein í barneignaorlofi) og annast þau allt bókhald og launavinnslu fyrir miðstöðina.

1.1.3 Önnur ráðgjöf

Félagsfólk miðstöðvarinnar stendur til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum. Sú þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi miðstöðvarinnar, til að stuðla að því að félagsfólk fái notið þeirra réttinda sem þeim eru tryggð samkvæmt lögum.

1.2 Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar

Samhliða stækkun NPA miðstöðvarinnar var orðið mikilvægt að NPA miðstöðin mótaði sinn eigin siðasáttmála og verkferla vegna eineltis, áreitni og ofbeldis. Slíkur leiðarvísir var talinn enn mikilvægari í ljósi þess að fatlað fólk er berskjaldaðra en ófatlað fyrir hvers kyns ofbeldi og auk þess var talið rétt að bregðast við umræðu undangenginna ára um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

Á vormánuðum ársins 2021 hóf NPA miðstöðin, í samstarfi við Hagvang, vinnu við gerð siðasáttmála og aðgerðaráætlunar, fyrir alla hluteigandi aðila sem koma að framkvæmd NPA í gegnum NPA miðstöðina. Vegna sérstöðu NPA miðstöðvarinnar sem samvinnufélags og vinnuumhverfis í NPA, krafðist vinna við gerð siðasáttmálans ítarlegri yfirlegu en yfirleitt er nauðsynleg. Félagsfólk og aðstoðarfólk var einnig boðið að taka þátt í þróun siðasáttmálans með ýmsum hætti. Siðasáttmáli og aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi var loks kynnt fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar á félagsfundum þann 11. maí 2022 og siðasáttmálinn svo samþykktur á síðasta aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 28. maí 2022.

Síðastliðið haust var svo siðasáttmálinn tilbúinn og er hann á vefsíðinni sidasattmali.npa.is

Næst á dagsskrá er að þýða siðasáttmálann og aðgerðaáætlunina yfir á ensku.

Siðasáttmálinn og aðgerðaáætlunin veitir NPA miðstöðinni skýra verk- og viðbragðsferla í tilteknum málum og ættu að vera góður leiðarvísir fyrir alla hluteigandi aðila um hvernig eigi að bera sig að við tilteknar aðstæður.

1.3 Fræðsla

1.3.1 Fræðsla á vegum hins opinbera

Í nóvember 2021 setti félags- og vinnumarkaðsráðuneytið á laggirnar rafræn námskeið um NPA fyrir verkstjórnendur og aðstoðarfólk. Mátti skilja upplýsingar frá ráðuneytinu sem svo að forsenda fyrir endurnýjun NPA samninga væri sú að verkstjórnendur og aðstoðarfólk

þeirra hefðu lokið námskeiðunum. NPA miðstöðin sendi bréf á ráðuneytið haustið 2021 þar sem þessi framkvæmd var gagnrýnd. Síðan þá virðist ráðuneytið og sveitarfélög hafa fallið frá þeirri kröfu að notendur og aðstoðarfólk þurfi að ljúka námskeiðunum fyrir ákveðinn tíma eða að námskeiðin séu forsenda fyrir gerð nýrra NPA samninga.

NPA miðstöðin hefur ítrekað óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um námskeið ráðuneytisins en ekki fengið svör. NPA miðstöðinni hafa því ekki borist neinar upplýsingar frá ráðuneytinu um námskeiðin eða fyrirkomulag þeirra í vetur og NPA miðstöðin hefur ekki upplýsingar um hvort fólk sæki námskeiðin.

1.3.2 Grunnnámskeið NPA miðstöðvarinnar

Í október 2021 hleypti NPA miðstöðin af stokkunum sex hluta námskeiðsröð um NPA. Námskeiðin eru fyrst og fremst ætluð verkstjórnendum, aðstoðarfólki og aðstoðarverkstjórnendum en einnig fólk í bið eftir NPA og öðrum áhugasömum.

Heiti námskeiðanna voru eftirfarandi:

1. Hugmyndafræði NPA og saga sjálfstæðs lífs.
2. Hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.
3. Aðbúnaður og hollustuhættir í NPA.
4. Hvaða áhrif hafa lög, reglugerðir og NPA samningar á líf mitt?
5. Líkamsbeiting og hjálpartæki.
6. Skyndihjálp.

NPA ráðgjafar í samstarfi við verkstjórnendur og aðstoðarfólk þróuðu námskeiðin en jafnframt var leitast við að fá utanaðkomandi sérfræðinga á hverju sviði til að kenna á námskeiðunum. Á heildina fékkst mjög jákvæð endurgjöf á námskeiðin og ljóst að uppsöfnuð þörf var orðin fyrir fræðslu um margt það sem snýr að NPA.

Síðastliðinn veturnar var eingöngu boðið upp á tvo hluta í námskeiðsröð NPA miðstöðvarinnar, námskeið 1 um hugmyndafræði NPA og sögu sjálfstæðs lífs og svo námskeið 2 um hlutverk, ábyrgð og samskipti í NPA.

1.3.3 Fræðsla 2023-2024 og til framtíðar

Erna Eiríksdóttir tók við hlutverki fræðslustýru þann 1. maí síðastliðinn. Erna hefur starfað sem NPA ráðgjafi hjá miðstöðinni frá því í mars 2021. Hún lauk BA gráðu í mannfræði árið 2012 og lauk nýverið MPA gráðu í opinberri stjórnsýslu, vorið 2023. Erna mun stýra fræðsluverkefnum NPA miðstöðvarinnar og vinna að frekari þróun þeirra, auk þess sem hún mun áfram sinna starfi ráðgjafa, þó í minna mæli verði.

NPA miðstöðin stefnir að því að kynna fræðsludagskrá fyrir veturninn 2023-2024 á næstu mánuðum. Stefnt er að því að hefja námskeið á ný með næsta hausti og efla fræðslustarf miðstöðvarinnar á nýju starfsári.

Fræðsluverkefni NPA miðstöðvarinnar eru hluti þeirra mörgu þróunarverkefna sem fylgja uppbyggingu miðstöðvarinnar. Fyrir utan þróun námsskeiða og námsefnis, er að mörgu

að huga í tengslum við námskeiðin, t.d. gerð upplýsinga- og kynningarefnis, utanumhald skráninga, ýmis tæknimál, greiðslufyrirkomulag (þegar það á við), veitingar og margt fleira.

NPA miðstöðin hefur metnaðarfulla framtíðarsýn um fræðslu á vegum miðstöðvarinnar. Stefnt er að því að byggja upp og efla fræðslustarfið í áföngum eftir því sem tök eru á og miðstöðin stækkar.

1.3.4 Fræðsla utan NPA miðstöðvarinnar

Öðru hvoru leita utanaðkomandi aðilar til NPA miðstöðvarinnar með ósk um fræðslu um NPA og miðstöðina.

Í nóvember síðastliðnum var ráðgjafi miðstöðvarinnar með kynningu á NPA sem þjónustuformi og NPA miðstöðinni, fyrir fyrsta árs nemum í þroskaþjálfafræðum við Háskóla Íslands. Þann mánuð var Rúnar formaður jafnframt með kynningu fyrir nemendur í fötlunarfræði við Háskóla Íslands.

Í gegnum tíðina hefur miðstöðin einnig verið fengin til að halda fyrirlestra í grunnskólum, framhaldsskólum og hjá sjúklingasamtökum. NPA miðstöðin vonast til að geta smám saman aukið fræðslu sína út á við, enda teljum við að fræðsla og þar með aukin þekking á NPA úti í samfélaginu styðji við NPA notendur og framkvæmd NPA á landinu og dragi vonandi jafnframt úr fordóumum.

1.3.5 Fræðsla og þjónusta iðjuþjálfa

Í júní 2022 tilkynnti NPA miðstöðin að gert hefði verið samkomulag við Guðrúnu Jóhönnu Hallgrímsdóttur iðjuþjálfa. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar hefur nú kost á að fá ráðgjöf og þjónustu iðjuþjálfa sér að kostnaðarlausu, tengt eigin sjálfsbjörg, heimilistathugun, hjálpartækjum, vinnu eða námi, bílamálum eða vinnuaðstöðu aðstoðarfólks, allt að þrisvar sinnum á hverju almanaks ári.

Guðrún Jóhanna er sjálfstætt starfandi iðjuþjálfi, samhliða kennslustörfum, með eigin rekstur undir heitinu Iðjuþjálfun heimastyrkur. Hún var fyrst iðjuþjálfa á Íslandi til að fá staðfestingu frá Embætti landlæknis á rekstri starfsstofu, þann 1. október 2017 og síðar einnig fyrst til að bjóða fjarheilbrigðisþjónustu. Hún er með starfsstofu á Lífsgæðasetrinu St. Jó að Suðurgötu 41 í Hafnarfirði og í Heilsuklasanum í Bíldshöfða 9 í Reykjavík. Guðrún Jóhanna býður einnig upp á fjarheilbrigðisþjónustu á skjá fyrir þau sem þurfa, t.d. þau sem búa út á landi eða eru erlendis.

Guðrún Jóhanna býr að áralangri reynslu tengt nýsköpun, frumkvöðlastarfi, breytingarstjórnun, stefnumótunarvinnu og stjórnunarstörfum innan heilbrigðis- og velferðarþjónustu, ásamt kennslu á framhalds- og háskólastigi. Guðrún Jóhanna hefur verið í stjórn Iðjuþjálfafélags Íslands og situr nú í stjórn Vinnuvistfræðifélags Íslands (VINNÍS).

Til að sækja um tíma hjá iðjuþjálfa þarf að fylla út þetta form: npa.is/felagsfolk/idjuthjalfi

1.3.6 Jafningjaspjall

Á nýliðnu starfsári bauð NPA miðstöðin upp á tvö jafningjaspjöll.

Þann 18. október 2022 var haldin jafningjafræðsla og handverkskvöld í NPA miðstöðinni. Félagsfólk, aðstoðarfólk og starfsfólk skrifstofu mætti með sitt eigið handverk og ræddi það sem þá var efst á baugi. Mæltist þetta vel fyrir og úr varð notaleg samverustund.

Þann 1. mars var haldið jafningjaspjall um Alfreð ráðningarforritið og notkun þess. Hallgrímur Eymundsson gjaldkeri NPA miðstöðvarinnar fór yfir ýmsa notkunarmöguleika Alfreðs. Mæltist fræðslan vel fyrir og fór fólk heim með fleiri tæki í verkstjórnendatöskunni sinni.

Jafningjaspjall gefa tækifæri til að veita stutta og markvissa fræðslu um tiltekið efni en veitir félagsfólki líka tækifæri til að spjalla og spyrja um það sem hvílir á þeim hverju sinni.

Frá og með næsta hausti er ætlunin að halda jafningjaspjall að lágmarki þrisvar á önn og stefnt er að því að fjallað verði um Tímon og notkunarmöguleika þess í næsta jafningjaspjalli sem haldið verður.

Einnig er stefnt að því veita félagsfólki kost á því að taka þátt í jafningjaspjalli rafrænt. Í gegnum tíðina hefur ekki komið nógu vel út að bjóða fólkum bæði að mæta á staðinn og vera rafrænt, þegar boðið hefur verið upp á báða kosti í einu. Bætt hefur verið úr tæknibúnaði NPA miðstöðvarinnar sem gerir það að verkum að blandaðir fundir fólks sem er á staðnum og á netinu ættu nú að gefast vel.

1.4 Viðburðir

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin staðið fyrir eða tekið þátt í viðburðum af ýmsu tagi. NPA miðstöðin hefur m.a. staðið fyrir félagsfundum um tiltekin málefni, skemmtiviðburðum fyrir félagsfólk og aðstoðarfólk, opnum fræðslufundum á skrifstofunni, fögnumið í tilefni af afmæli miðstöðvarinnar og lögfestingu NPA, auk þess að taka þátt í ráðstefnum, í sýningunni Hjálpartæki í Laugardalshöll, Freedom drive og áfram mætti telja.

1.4.1 Félagsfundir

Engir félagsfundir voru haldnir á nýliðnu starfsári.

1.4.2 Skemmtiviðburðir

Mörg systurfélög NPA miðstöðvarinnar á Norðurlöndunum bjóða ekki eingöngu upp á námskeið um NPA heldur einnig námskeið um ýmislegt annað og ýmsa skemmtiviðburði. Þó áhugi fólks í svona stórum félögum sé auðvitað misjafn á slíkum viðburðum, þá eru þeir öllu jafna vel sóttir. Fyrir mörg er fengur í því að geta skemmt sér í hópi fólks án þess að skera sig úr eða hafa áhyggjur af aðgengi.

Í gegnum tíðina hafa komið fram óskir frá bæði félagsfólki og aðstoðarfólki um að miðstöðin byði upp á viðburði sem ekki snerust um NPA. Haustið 2021, þegar samkomutakmarkanir vegna Covid-19 voru vægar, bauð NPA miðstöðin upp á Hrekkjavökukvöld og LAN helgi. Fámennt var á báðum viðburðunum en þeir mæltust vel fyrir af þeim sem mættu.

Á síðastliðnu starfsári náðist ekki að bjóða upp á neina skemmtiviðburði en hugur miðstöðvarinnar stendur til þess að halda öðru hvoru skemmtiviðburði af einhverju tagi í framtíðinni. T.d. kæmi vel til greina að halda jólaball fyrir félagsfólk, aðstoðarfólk, starfsfólk skrifstofu og fjölskyldur þeirra. Útfærslur á skemmtiviðburðum eiga eftir að skýrast og er stefnt að því að leita álits félagsfólks um framhaldið.

1.5 Verkefni um miðlun upplýsinga

Í félagi eins og NPA miðstöðinni þarf reglulega að miðla upplýsingum um ýmislegt sem tengist NPA, til félagsfólks og aðstoðarfólks. Auk þess vekur NPA miðstöðin athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti, hvort sem er í gegnum samfélagsmiðla, með greinaskrifum eða auglýsingaherferðum.

Silja Steinunnardóttir er samskiptastýra miðstöðvarinnar. Samskiptastýra hefur yfirumsjón með upplýsingamiðlun á vegum NPA miðstöðvarinnar, þar á meðal útgáfu á prenti, rafrænni miðlun upplýsinga, samskiptum við fjölmiðla og viðhaldi vefja og samskiptamiðla NPA miðstöðvarinnar. Auk þess hefur samskiptastýra undangengin misseri komið að ýmsum öðrum verkefnum. Hún kom t.d. vinnslu siðasáttmála af stað og fylgdi þeirri vinnu eftir og sá um samskipti við heilbrigðisyfirvöld á tímum COVID-19, hélt utan um bólusetningarlista og miðlaði upplýsingum um faraldurinn.

Verkefni samskiptastýru eru m.a. eftirfarandi:

- Útgáfa efnis á samfélagsmiðlum.
- Fréttaskrif fyrir vef miðstöðvarinnar og viðhald vefs.
- Sjá um að efni NPA miðstöðvarinnar sé framsett í samræmi við hönnunarstaðal og halda utan um ásýnd miðstöðvarinnar í heild sinni.
- Greinaskrif eða aðstoð við greinaskrif.
- Samræma framsetningu og tryggja gæði á útgefnu efni og kynningum.
- Yfirsýn yfir kynningar- og markaðsstarf NPA miðstöðvarinnar.
- Annast faglegt samstarf við auglýsinga- og markaðsstofur.
- Aðstoða formann, framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn NPA miðstöðvarinnar við ýmis verkefni tengd miðlun upplýsinga.
- Umsjón með útgáfu ársskýrslu NPA miðstöðvarinnar.
- Taka þátt í undirbúningi og framkvæmd viðburða á vegum NPA miðstöðvarinnar og sjá um auglýsingar og kynningar á þeim.

1.5.1 Vefsíða NPA miðstöðvarinnar

Útlit á vefsíðu NPA miðstöðvarinnar var uppfært lítillega sumarið 2020, samhliða því að nýtt merki NPA miðstöðvarinnar var tekið í notkun. Síðan þá hefur verið látið duga að veita vef miðstöðvarinnar lágmarks viðhald svo vefsíðan virki sem skyldi. Nú stytist í að vefsíðukerfið sem notað er, verði úrelt og fái þar af leiðandi ekki nauðsynlegar öryggisuppfærslur. Fyrir vikið er orðið enn brýnna en áður að endurnýja vefinn.

Í nokkur ár hefur staðið til að endurnýja vefsíðu NPA miðstöðvarinnar frá grunni. Tilgangur þeirra fyrirætlana er í meginþráttum eftirfarandi:

- Endurhanna vefsíðuna þannig að vefurinn verði fallegri og betur í takt við nýtt merki og ásýnd NPA miðstöðvarinnar.
- Setja upp vefsíðu samkvæmt ýtarlegri þarfagreingingu, svo vefsíðan nýtist sem best.
- Bæta við efni á vefsíðunni og bæta upplýsingagildi vefsins.
- Nýta nýjar lausnir sem auka notagildi vefsins.
- Bæta aðgengi á vefsíðuna.

Vinna við vefinn hefur ítrekað dregist á langinn enda varð heimsfaraldur með meiru til þess að forgangsraða þurfti verkefnum á skrifstofunni með öðrum hætti en ætlunin hafði verið. Þó hafa nokkur skref verið stigin. T.d. hefur verið gerð ágætis þarfagreining fyrir vef miðstöðvarinnar og kominn er góður vísir af veftré.

Vonir standa til að þráðurinn verði tekinn upp að nýju hvað vefsíðuna varðar á næstunni.

1.5.2 Verkstjörnendahandbók

NPA miðstöðin gaf út rafræna verkstjörnendahandbók á afmælisdegi sínum þann 16. júní 2020. Handbókin er fyrst og fremst hugsuð fyrir félagsfólk NPA miðstöðvarinnar en handbókin og skjalasafn hennar eru jafnframt opin öllum þeim sem vilja kynna sér efni hennar, óháð því hvort viðkomandi nýti sér miðstöðina sem umsýsluaðila eður ei. Verkstjörnendahandbókin er hugsuð sem alls herjar uppflettirit fyrir NPA notendur og í henni er fjallað um flest allt sem lítur að NPA, allt frá samningagerð, verkstjórni og tímavinnu, upp í hugmyndafræði NPA.

Efni handbókarinnar er reglulega í endurskoðun og er handbókin þess eðlis að gera má ráð fyrir að hún verði í sífelldri þróun og muni t.d. þróast í takt við breytingar á kjaraumhverfi, regluverki NPA og eftir áherslum NPA miðstöðvarinnar hverju sinni. Enn á eftir að myndskreyta handbókina og lagfæra tiltekna þætti.

Sjá: handbok.npa.is

1.5.3 Handbók fyrir aðstoðarfólk

Þessa mánuðina er verið að skrifa handbók fyrir aðstoðarfólk. Verkið er umfangsmikið enda margt sem þarf að útskýra og standa skil á gagnvart aðstoðarfólki og einnig þarf að huga að samráði við verkstjörnendur og aðstoðarfólk. Þegar textaskrifum verður lokið

verður handbókin sett á vefinn með sambærilegum hætti og handbók verkstjórnenda. Á þessu stigi er ekki hægt að áætla hvenær handbók aðstoðarfólks verður tilbúin.

1.6 Kynningarstarf og fjölmiðlar

NPA miðstöðin lítur á það sem sína skyldu að vekja athygli á málefnum fatlaðs fólks og leggja baráttunni fyrir NPA lið. Í því felst m.a. að birta áhugavert efni tengt málefnum fatlaðs fólks og NPA á Facebook síðu miðstöðvarinnar, að skrifa greinar og mæta í viðtöl í fjölmiðlum, þátttöku í alþjóðlegri baráttu fyrir réttinum til sjálfstæðs lífs, kynningar- og markaðsverkefnum og áfram mætti telja.

Í vinnslu er auglýsingaherferð sem unnin er í þeim tilgangi að vekja áhuga fólks á starfi aðstoðarfólks og laða það til starfa, auk þess að vekja um leið athygli á NPA þjónustuforminu. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar gengur mis vel að ráða til sín aðstoðarfólk og stundum eru umsóknir fáar og/eða skortur á frambærilegum umsækjendum. Ljóst var orðið að grípa þyrfti til aðgerða til að laða fólk að til starfa og ákveðið var að láta reyna á áhrif auglýsingaherferðar.

Að öðru leyti hefur NPA miðstöðin takmarkað beitt sér í markaðsstarfi og kynningarverkefnum á nýliðnu starfsári, fyrir utan almenn verkefni sem tengjast samfélagsmiðlum, greinaskrifum o.fl.

1.6.1 Samfélagsmiðlar

NPA miðstöðin hefur áfram lagt áherslu á að vera sýnileg á liðnu starfsári, sérstaklega á samfélagsmiðlum. NPA miðstöðin heldur úti Facebook síðu og birtir efni á henni nánast daglega fyrir sína tæplega 3.000 fylgjendur. Síðan er ágætis fréttaveita um málefni fatlaðs fólks á Íslandi og erlendis í viðu samhengi. Á síðunni er t.d. deilt samfélags- og stjórnmálafréttum, fræðsluefni, upplýsingum um viðburði, listir, léttu efni o.fl. sem allt tengist fötluðu fólk eða þar sem fatlað fólk er í brennidepli.

NPA miðstöðin heldur einnig úti hópi á Facebook sem ber nafnið „Sjálfstætt líf og NPA á Íslandi“. Hópurinn er vettvangur fyrir alla áhugasama til að deila upplýsingum og skiptast á skoðunum um allt sem varðar NPA. Á þessum tímapunkti eru riflega 500 aðilar í hópnum.

NPA miðstöðin er á Instagram en misvirk eftir tímabilum. NPA miðstöðin hefur t.d. notað Instagram til að vekja athygli á viðburðum á vegum miðstöðvarinnar, eins og námskeiðahaldi o.fl., auk þess sem ýmis konar efni er birt í „story“.

Loks má nefna að NPA miðstöðin safnar greinum og flestu efni sem birt er á Facebook síðu miðstöðvarinnar, í flokkað safn á Pinterest. Á Pinterest má þar af leiðandi finna nokkurn gagnabrunn af fréttum og öðru efni sem fjallar um fatlað fólk.

1.6.2 Greinaskrif og viðtöl í fjöldum

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður NPA miðstöðvarinnar, og fleiri sem eru tengd NPA miðstöðinni, hafa látið í sér heyra á opinberum vettvangi á nýliðnu starfsári.

Rúnar Björn Herrera Þorkelsson og Katrín Oddsdóttir mannréttindalögfræðingur skrifuðu grein sem birtist í Kjarnanum þann 12. desember síðastliðinn og bar greinin yfirskriftina „Mannréttindadómstóll Evrópu sendir íslenskum dómstólum skýr skilaboð“. Í greininni fjölluðu þau um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Arnars Helga Lárussonar gegn Íslandi. Dómsmálið snerist um skort á aðgengi að menningarstofnun í Reykjaneshús og hafa sumir sérfræðingar lýst því yfir að í dómnum felist stórsigur í réttindabaráttu fatlaðs fólks í Evrópu. Hér má sjá greinina.

kjarninn.is/skodun/mannrettindadomstoll-evropu-sendir-islenskum-domstolum-skyr-skilabod

Þann 6. mars síðastliðinn birtist einnig grein eftir Rúnar og Katrínu og var yfirskrift hennar „Ólögmæt framkoma stjórvalda við fatlað fólk“. Í greininni vöktu þau athygli á því að þrátt fyrir loforð um allt að 50 nýja NPA samninga á þessu ári, þá hafi ekki ein NPA samningur bæst við á þessu ári. Samkvæmt vitneskju NPA miðstöðvarinnar er það því miður ennþá raunin, nú þegar árið er nánast hálfnað. Jafnframt benda þau á að Úrskurðarnefnd um velferðarmál hafi skorið úr um að ólögmætt sé fyrir sveitarfélög að skilyrða NPA þjónustuna við mótfraum frá ríkinu, auk þess sem seinagangur ríkisins á afgreiðslu mótfraumala sé óásættanlegur.

visir.is/g/20232386001d/o-log-maet-fram-koma-stjorn-valda-vid-fatlad-folk

1.7 Baráttumál félagsfólks

Það eru ekki eingöngu stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar sem láta í sér heyra á opinberum vettvangi. Margt félagsfólk NPA miðstöðvarinnar lætur til sín taka og vekur athygli á málefnum fatlaðs fólks með ýmsum hætti. NPA miðstöðin er stolt af sínu fólk en á síðastliðnu starfsári hafa þau m.a.:

- Skrifað greinar sem birst hafa í mismunandi fjöldum og komið fram í viðtölum um baráttumál fatlaðs fólks.
- Komið fram í hinum frábæru þáttum, „Dagur í lífi“ á RÚV.
- Frumsýnt heimildamýndina Atomy um leit viðkomandi að bættri heilsu í Indlandi.
- Hlotið aðgengisviðurkenningu Reykjavíkur 2022 og viðurkenningu fyrir að vera UT fjölbreytileika fyrirmund á UT messunni í Hörpu í febrúar.
- Hópur SMA sjúklinga berst fyrir því að fá lyf við sínum sjúkdómi og var mál þeirra til mikillar umfjöllunar fyrir stuttu. Hópurinn skrifaði fjölda greina, þau mættu í viðtöl og settu af stað undirskriftasöfnun, svo fátt eitt sé nefnt. NPA miðstöðin óskar þeim heilla í baráttu sinni.

1.8 Kerfislausnir

Að mörgu er að huga hvað varðar tækjakost og kerfislausnir á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar. Andri Valgeirsson sér um upplýsingatæknimál en hann starfaði áður sem ráðgjafi. Verkefni hans eru m.a. eftirfarandi:

- Halda utan um tækjabúnað starfsfólks á skrifstofu.
- Versla tölvur, hljóðkerfi, fundarbúnaði o.fl. og koma í gagnið.
- Vinna að uppsetningu og uppfærslu ýmissa kerfa, t.d. Salesforce, Tímon, Microsoft lausnum o.fl.
- Netkerfi skrifstofu.
- Öryggiskerfi Securitas.
- Tæknimál vefsíðu.
- Samskipti við þjónustufyrirtæki kerfisbúnaða.
- Tæknileg aðstoð til félagsfólks.
- Ýmis konar aðstoð á skrifstofu.

1.8.1 Tímon tekið í almenna notkun

Tímon er viðveruskráningarkerfi sem félagsfólk NPA miðstöðvarinnar notar til að halda utan um og skrá vinnustundir aðstoðarfólks og skipuleggja vaktir.

Í kjölfar styttingar vinnuvikunnar og fjölgunar álagsþreppa í launatöflu 1. maí 2022 urðu útreikningar launa mun flóknari en þeir voru áður. NPA miðstöðin taldi mjög mikilvægt að taka tímaskráningarkerfi í notkun á þessum tímapunkti enda hefði verið nánast ómögulegt að halda áfram með fyrra fyrirkomulag á tímaskráningum í kjölfar styttingar vinnuvikunnar.

Miðstöðin hafði kannað nokkra möguleika og fundað með ólíkum aðilum sem bjóða upp á sambærileg kerfi. Talið var að Tímon myndi best mæta þörfum NPA miðstöðvarinnar og ákveðið var að hefja samstarf við Trackwell um notkun á Tímon.

Prófanir á kerfinu stóðu yfir um allangt skeið og hafði miðstöðinni skilist að þær væru langt komnar og að forritið væri tilbúið til notkunar. Í mars 2022 var ákveðið að opna fyrir almenna notkun á kerfinu fyrir félagsfólk miðstöðvarinnar. Haldinn var kynningarfundur fyrir félagsfólk þar sem farið var yfir virkni kerfisins og notkun. Eftir fundinn gat félagsfólk miðstöðvarinnar fengið aðgang að kerfinu og byrjað að prófa sig áfram. Í apríl gaf NPA miðstöðin svo út leiðbeiningabækling fyrir verkstjórnendur um notkun á Tímon. Ætlunin var einnig að hver og einn félagsmaður fengi síðan persónubundna kennslu á kerfið hjá ráðgjafa sínum. Eftir 1. maí, urðu verkstjórnendur svo að vera búnir að tileinka sér notkun á Tímon eða hafa komið sér upp annars konar kerfi til að halda utan um tíma aðstoðarfólks.

Fljótlega í innleiðingarferlinu komu í ljós ýmis atriði sem þurfti að bæta. T.d. kom upp kerfisvilla þess eðlis að verkstjórnendur gátu séð yfirlit yfir vaktir og lista yfir aðstoðarfólk hjá öðrum verkstjórnendum. Þá hafa einnig komið upp vandamál við að skrá tíma hjá

aðstoðarfólki sem vinnur hjá tveimur eða fleiri verkstjórnendum. Í dag er búið að koma fyrir helstu hnökrana en búast má við því að Tímon verði nánast stöðugt í einhverri þróun á næstu misserum.

NPA miðstöðinni barst margvísleg endurgjöf eftir og á meðan innleiðingu Tímon stóð. Ljóst er að markvissari kynning og fræðsla hefði skilað betri árangri við innleiðinguna. Sumum verkstjórnendum gekk hægt að taka kerfið í notkun og villur sem komu fram í upphafi hjálpuðu ekki til í þeim efnum. Á hinn bóginn hefur miðstöðin líka fengið jákvæða endurgjöf um innleiðinguna á Tímon og telja margir verkstjórnendur það hafa einfaldað vinnu við tímaskráningar og sparað þeim tíma, enda býður Tímon upp á fjölbreytta notkunarmöguleika.

Gera má ráð fyrir að notendaviðmót Tímon muni halda áfram að batna eftir því sem frekari þróun kerfisins heldur áfram. Núna er t.d. komið meira svigrúm þannig að verkstjórnendur geta handskráð hvíldarvaktir. Einnig þarf að laga skráningu aðstoðarfólks sem hefur fleiri en einn verkstjórnanda o.s.frv.

Til stendur að bjóða fræðslu um Tímon á næsta jafningaspjalli.

1.8.2 Áframhaldandi þróun Salesforce

Þjónustukerfið Salesforce var tekið í notkun seinni part sumars 2020. Miðlægur gagnagrunnur eins og Salesforce einfaldar ýmislegt utanumhald og yfirsýn við störf á skrifstofu og er í daglegri notkun á skrifstofunni. Unnið er að því að innleiða fleiri notkunarmöguleika kerfisins í áföngum, m.a. tengingu Salesforce við DK bókhaldskerfið.

1.8.3 Asana tekið í notkun

Á haustmánuðum 2021 tók NPA miðstöðin til notkunar verkstjórnunar- og skipulagsforritið Asana og kom það sér sérstaklega vel við skipulag og utanumhald námskeiða miðstöðvarinnar þann vetur. Í dag er Asana notað við skipulag og verkstjórnun flestra verkefna á skrifstofunni.

1.8.4 Áframhaldandi samstarf við Halló

Í febrúar 2021 hófst samstarf NPA miðstöðvarinnar við Halló – símsvörun. Starfsfólk Halló svarar almennum fyrirspurnum en sér einnig um að gefa símtöl til starfsfólks á skrifstofunni eða taka skilaboð.

Komið hafa fram ábendingar frá félagsfólki um langan biðtíma og jafnvel misst símtöl eftir að Halló tók við símsvörun hjá NPA miðstöðinni. Við höfum átt samtöl við Halló um þjónustuhlutfallið og fengið skýringar á þeim, auk fyrirheita um að þjónustan verði bætt. Af nýjustu skýrslum að dæma, virðist þjónustuhlutfallið og biðtíminn hafa batnað nokkuð undanfarna mánuði. NPA miðstöðin þiggur endurgjöf frá félagsfólki og aðstoðarfólki, hvað þetta varðar og höfum iðulega látið Halló vita þegar hafa borist athugasemdir frá þeim sem hringja til okkar.

1.9 Húsnæði, húsgögn og innréttинг skrifstofu

Allri stærri smíða- og rafmagnsvinnu er lokið í húsnæði NPA miðstöðvarinnar. Það á samt ennþá eftir að gera ýmislegt fyrir húsnæðið til að það nýtist starfsemi miðstöðvarinnar og gestum hennar sem best.

Helstu innkaup á nýliðnu starfsári voru m.a. eftirfarandi:

- Fleiri hækkanleg borð fyrir eldhús- og fundarrýmið.
- Fundarborð fyrir fundarherbergi.
- Húsgögn fyrir annað viðtalsrýmið.
- Stór sófi fyrir innra rými á skrifstofunni.
- Skápa í skrifstofurýmið og í bókhaldsdeild.
- Skrifborð, skrifborðsstólar, kommóðukálfar og skilrúm eftir því sem starfsfólki hefur fjölgæð.
- Ýmis konar smávörur fyrir eldhús o.fl.

Eftirfarandi er meðal þess sem bæst hefur við tækjabúnað miðstöðvarinnar:

- Fundarkerfi fyrir fundarherbergin sem einfaldar mjög rafræna fundi og eykur gæði þeirra.
- Hljóðkerfi, þar á meðal míkráfónar og mixer sem kemur sér vel á stærri fundum.

Stefnt er að því að framkvæma eftirfarandi í áföngum, eftir því sem forgangsröðun verkefna og fjármagn leyfir:

- Kaupa húsgögn og tækjakost fyrir starfsfólk sem bætist í hópinn.
- Kaupa fleiri húsgögn þannig að öll rými nýtist sem best.
- Innréttta prentarasvæðið svo það nýtist betur sem geymslu- og vinnuaðstaða.
- Bæta eldhúsaðstöðu starfsfólks og setja upp aðgengilega eldhúsinnréttingu.
- Innréttta baðherbergin, t.d. með skipti- og þvottaaðstöðu fyrir fullorðna.
- Kaupa skjái fyrir viðtalsrými.

1.10 Hagsmunagæsla og réttindamál

NPA miðstöðin er ekki eingöngu umsýslufélag heldur einnig hagsmunafélag fatlaðs fólks og skipar hagsmunavarsla nokkuð stóran sess í starfi NPA miðstöðvarinnar enda var NPA miðstöðin upphaflega stofnuð sem baráttusamtök fyrir réttinum til NPA. Ýmsir vankantar hafa verið á framkvæmd á innleiðingarferli NPA alveg frá upphafi og í sumum tilvikum hafa lög verið brotin. Þetta hefur ítrekað kallað á viðbrögð og hefur NPA miðstöðin fram til þessa brugðist við kallinu og mun gera það áfram. Óhætt er að fullyrða að hið opinbera hafi ráðstafað miklum tíma og orku frá NPA miðstöðinni í hagsmunabaráttu, sem þó hefur skilað heilmiklum árangri – bæði í þágu einstakra notenda og fatlaðs fólks í heild. Síðustu ár hefur þó verið að skapast meira ráðrúm fyrir NPA miðstöðina til að leggja kraft í uppbyggingu á þjónustu sinni og innra starfi.

Eftirfarandi er meðal þess sem NPA miðstöðin hefur þurft að berjast fyrir í gegnum tíðina og enn þann dag í dag:

- Að sveitarfélög fari eftir ákvæðum reglugerða og samninga um framlög til NPA samninga, þ.e. að framlagið taki mið af ákvæðum kjarasamninga NPA aðstoðarfólks og sé nægjanlegt til þess að unnt sé að greiða aðstoðarfólkki kjarasamningsbundin laun. Borið hefur á því að sveitarfélög greiði ekki samkvæmt kjarasamningum sem hefur svo leitt til þess að notandi hefur þurft að skera niður sína þjónustutíma til að geta greitt samkvæmt kjarasamningum. Sum sveitarfélög hafa þannig í gegnum tíðina greitt það lágt tímakaup að notandi hefur ekki getað nýtt alla tímana sem honum var úthlutað.
- Afgreiðsla sveitarfélaga á NPA umsóknum og dráttur þar á, er eitt af því sem NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við.
- Mikið þarf gjarnan að hafa fyrir því að fá lögbundna þjónustu til handa notendum NPA miðstöðvarinnar sem eiga rétt á henni, t.d. aðstoðarverkstjórnum eða fleiri tíma í NPA samninginn o.s.frv.
- NPA miðstöðin hefur einnig ítrekað gert athugasemdir við að ríkið hafi ekki staðið við sínar lagabundnu skuldbindingar varðandi fjölgun NPA samninga með því að tryggja nauðsynlegt mótframlag til sveitarfélaga. Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur í gegnum tíðina skrifað marga pistla og mætt í viðtöl til að vekja athygli á þessu. Einnig hefur talsverð vinna falist í því að afla upplýsinga, annast útreikninga og eiga samskipti við kjörna fulltrúa á Alþingi og innan sveitarstjórna, ráðuneyta, sambands sveitarfélaga og sveitarfélaganna sjálfrá.
- Gagnaöflun, útreikningar, samtöl, samráð og fundir með stjórnvöldum tók mikinn tíma formanns á seinni hluta síðasta árs en hann kom á fót samráðshópi til að knýja á um fjölgun NPA samninga, í ljósi þess að bráðabirgðaákvæði laga um innleiðingu NPA var við það að renna út, núna um síðustu áramót.

Önnur verkefni tengd hagsmunabaráttu og/eða ráðgjöf við uppbyggingu NPA á Íslandi sem NPA miðstöðin hefur haft aðkomu að eru t.d. eftirfarandi:

- Formaður NPA miðstöðvarinnar hefur verið skipaður og er í nefnd um endurskoðun reglugerðar um NPA.
- Formaður er meðlimur í hópi á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem vinnur að innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um sjálfstætt líf á Íslandi.
- NPA miðstöðin hefur aðstoðað sveitarfélög þegar þau hafa hvert um sig verið að móta sínar reglur um NPA.
- Þátttaka í samráðsstarfi um lagasetningar og reglugerðir.
- Mæting fyrir velferðarnefnd Alþingis og samtöl við þingmenn.
- Aðstoða fólk við að sækja mál fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála.
- Sent athugasemdir til ráðuneytisins um framkvæmd NPA námskeiða.

Baráttunni er hvergi nærri lokið.

- Í dag eru fleiri undir 67 ára aldri inni á hjúkrunarheimilum heldur en með NPA samninga á Íslandi. Það gengur þvert á samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt þjóðir eindregið til að vinna skipulega að afstofnanavæðingu.
- Íslenska ríkið borgar ekki það mótfeflag til NPA samninga sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í dag eru um 95 einstaklingar með NPA á Íslandi en samkvæmt nýju bráðabirgðarákvæði laga ættu um 145 einstaklingar að hafa NPA á þessu ári.
- Mörg sveitarfélög draga lappirnar við afgreiðslu NPA umsókna.
- Greiðslur sveitarfélaga til NPA samninga er endalaus barátta. Í hvert sinn sem kjarasamningar breytast þarf að aðlaga taxta NPA samninga og mörg sveitarfélög eru treg til að afgreiða þær hækkanir. NPA miðstöðin mun leggja sig fram um að tryggja að félagsfólk miðstöðvarinnar finni ekki fyrir því tímabili í kjölfar nýrra samninga, sem munur er á framlagi sveitarfélags og kjarasamningsbundnum launakostnaði vegna aðstoðarfólks.

1.10.1 Kærumál

Í tengslum við framangreint hefur NPA miðstöðin á liðnum árum gengið fram fyrir skyldi með sínu félagsfólk gagnvart sveitarfélögum. Miðstöðin hefur rekið áfram margvísleg mál innan stjórnsýslunnar fyrir félagsfólk og með félagsfólk, sem og öðrum sem leitað hafa til miðstöðvarinnar og viljað fá liðsauka í baráttunni fyrir NPA eða annarri þjónustu sem þau eiga rétt á.

Á liðnu starfsári hefur NPA miðstöðin rekið fjölda kærumála fyrir sveitarfélögum og fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála og náð þar afar góðum árangri. Þá hefur miðstöðin einnig aðstoðað félagsfólk við að leita til réttindagæslumanns og við að beina erindum vegna málsmeðferðar sveitarfélaga og/eða niðurstæðna í tilteknim málum, til umboðsmanns Alþingis.

1.10.2 Fjöldi NPA samninga í ósamræmi við lög


Við lögfestingu NPA árið 2018 fjölgaði NPA samningum verulega og árið 2019 voru NPA samningar á landinu orðnir 90 talsins. Frá árinu 2019 hefur fjöldi NPA samninga eingöngu aukist um 5 samninga en skv. óstaðfestri tölu um fjölda NPA samninga árið 2022 voru samningar þá orðnir 95 talsins á landinu öllu. Það má því nánast segja að fjöldi NPA samninga hafi staðið í stað undanfarin ár.

FJÖLDI NPA SAMNINGA Í ÓSAMRÆMI VIÐ LÖG

FJÖLDI NPA SAMNINGA, 2012-2022



RAUNFJÖLDI | FJÖLDI SKV. ÁÆTLUN Í LÖGUM FRÁ 2018



FJÖLDI SKV. ÁÆTLUN Í LÖGUM FRÁ 2022



172 SAMNINGAR VERÐA Í GILDI ÁRIÐ 2040, MIÐAÐ VIÐ HRAÐA FJÖLGUNAR FRÁ LÖGFESTINGU ÁRIÐ 2018

Tölur eru fengnar úr ársskýrslum Jöfnunarsjóðs, úr veffréttum stjórnarráðsins, úr lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 og bráðabirgðaákvæði laga frá 2022.

*Úr veffrétt stjórnarráðsins, óstaðfest tala.

Grafik: NPA miðstöðin/Silja 

1.10.3 Áfangasigur um fjölgun NPA samninga

Á síðasta ári lá fyrir að bráðabirgðaákvæði laga um samstarfsverkefni um innleiðingu NPA og fjölgun NPA samninga, rynni út núna um áramótin. Ljóst var að það stefndi í algera óvissu um áframhaldandi innleiðingu NPA samninga, yrði ekkert að gert.

Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin fengið þau svör frá Alþingi að fjármögnun NPA samninga væri samkvæmt upprunalegri kostnaðaráætlun frá 2017 og að ekki þurfi meira fjármagn til NPA samninga þar sem engir væru á biðlista eftir NPA. Samræmdist það ekki þeim veruleika sem blasir við NPA miðstöðinni, né heldur frásögnum fólks sem hefur í sumum tilvika verið í fleiri ár á biðlista eftir NPA samningi eða þeim sem sveitarfélög ráðleggja gegn því að sækja um NPA.

Á sama tíma hafa sveitarfélög sagt að ekki væri hægt að fjölga NPA samningum þar sem skortur væri á fjármunum frá ríkinu, þ.e. að ríkið greiddi ekki 25% mótfraumlag ríkisins við hvern NPA samning fyrir nógu marga samninga. Þetta leiddi til þess að NPA samningum fjölgodi ekki í takt við það sem kveðið var á um í lögum.

Til að mæta þessari pattstöðu beitti formaður NPA miðstöðvarinnar sér sérstaklega fyrir því að nefnd um endurskoðun laga 38/2018, aflaði gagna um biðlista eftir NPA. Var það í fyrsta sinn sem slíkum upplýsingum um NPA biðlista á landsvísu var safnað saman með formlegum hætti. Loks var hægt að sýna fram á mikla þörf fatlaðs fólks fyrir NPA.

Auk þess lagðist NPA miðstöðin í gagnaöflun og rýndi m.a. ýtarlega í upphaflega áætlun Alþingis um framlög ríkisins vegna innleiðingar NPA. Í ljós komu verulegir ágallar í

áætluninni sem hafði verið stuðst við allar götur síðan og valdið verulegri vanáætlun á fjárbörf við innleiðingu NPA undanfarin ár.

NPA miðstöðin tók ofangreint saman í umsögn um fjárlagafrumvarpið síðastliðinn október og vakti umsögnin mikla athygli hjá sveitarfélögum, á Alþingi, í ráðuneytinu og víðar. Svo fór að bæði Samband íslenskra sveitarfélaga og ÖBÍ tóku formlega undir umsögn NPA miðstöðvarinnar við Alþingi.

Til þess að reka smiðshöggjíð á þennan hluta baráttunnar stofnaði NPA miðstöðin til sérstaks samráðshóps um áframhaldandi innleiðingu NPA. Í byrjun sátu í hópnum fulltrúar ÖBÍ, Proskahjálpar og Fræðaseturs í fötlunarfræðum. Í framhaldinu var fundað með formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem sammælst var um að koma fram með sameiginlega kröfu um áframhaldandi innleiðingu NPA.

Samráðshópur NPA miðstöðvar, ÖBÍ, Fræðaseturs í fötlunarfræðum og Sambands íslenskra sveitarfélaga kynnti svo sameiginlegt minnisblað fyrir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra og Guðmundi Inga félags- og vinnumarkaðsráðherra, á fundi þann 4. nóvember síðastliðinn. Á fundinum var skorað á íslenska ríkið að koma inn með afgerandi hætti og styðja NPA þjónustuformið sem veitir fötluðu fólk sjálfsögð mannréttindi. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formaður NPA miðstöðvarinnar og Katrín Oddsdóttir mannréttindalögfræðingur, sátu fundinn fyrir hönd NPA miðstöðvarinnar.

Í desember lá svo niðurstaða fyrir. Samkvæmt tilkynningu frá Stjórnarráðinu var gert ráð fyrir hækkan á framlögum ríkisins til NPA samninga um nær 50% á þessu ári, 2023, sem gæfi svigrúm til allt að 50 nýrra NPA samninga á árinu. NPA miðstöðin taldi þó rétt að taka þessari tölu um fjölgun samninga með fyrirvara og þótti ólíklegt, út frá fyrirliggjandi kostnaðargreiningu á NPA samningum, að áætlað viðbótarfjármagn myndi duga fyrir 50 nýjum samningum. Engu að síður, ætti þessi innspýting að stytta biðlista eftir NPA verulega. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018 frá 2022, skulu NPA samningar vera orðnir allt að 145 talsins á þessu ári og 172 árið 2024. Það er samt vert að hafa í huga að samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga frá 2018, áttu NPA samningar að vera orðnir 172 talsins á síðasta ári, 2022, en samkvæmt nýju ákvæði verður þeim fjölda samninga ekki náð fyrr en á næsta ári, 2024.

Enga að síður náðist þarna mikilvægur áfangi sem varð að veruleika vegna frumkvæðis NPA miðstöðvarinnar og sem mun þýða að fleira fatlað fólk mun njóta réttarins til sjálfstæðs lífs. Samkvæmt fyrstu drögum fjárlagafrumvarps, hafði ríkið ætlað að leggja fram óbreytta upphæð til NPA frá árinu á undan. Sú upphæð hefði ekki einu sinni dugað fyrir nágildandi NPA samningum, að teknu tilliti til undangenginna kjarabóta aðstoðarfólks.

Því miður virðist áfram þurfa að fylgja eftir fjölgun NPA samninga, þrátt fyrir nýlegt bráðabirgðaákvæði frá desember 2022, um fjölgun samninga. Í apríl bárust þær fréttir að sökum vinnu við breytingar á verklagsreglum á úthlutunum NPA samninga í ráðuneytinu, hefði úthlutun NPA samninga tímabundið verið slegið á frest. Samkvæmt heimildum NPA miðstöðvarinnar er þeirri vinnu nú lokið og ekkert því til fyrirstöðu að fara að veita 50

manns NPA og þar með möguleika á sjálfstæðu lífi til jafns við aðra. Nú er árið bráðum hálfnad og enn bólar ekki á fyrsta samningum af þeim ca. 50 samningum sem búið var að lofa í ár.

NPA miðstöðin mun áfram standa vaktina og þrýsta á um að ríkið standi við áætlanir um fjölgun samninga enda hefur það sýnt sig að ævinlega er þörf á því.

1.10.4 Að sjálfögðu eiga fötluð börn rétt á NPA

Frábær áfangi náðist í réttindabaráttu fatlaðra barna þann 25. nóvember síðastliðinn. Þá kvað úrskurðarnefnd velferðarmála upp úrskurð sem felldi ákvörðun Mosfellsbæjar frá 21. júní 2022 um að synja umsókn um NPA, á þeim forsendum að um barn var að ræða. Samkvæmt reglum Mosfellsbæjar þurftu umsækjendur um NPA að hafa náð 18 ára aldri en samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar átti það skilyrði Mosfellsbæjar sér enga stoð í lögum. NPA miðstöðin aðstoðaði aðstandendur viðkomandi notanda við kærufertið.

Þetta ósanngjarna skilyrði Mosfellsbæjar er nú úr sögunni og hefur Mosfellsbær breytt reglum sínum um NPA, þannig að þær samræmist lögum um þjónustu við fatlað fólk. Fötluð börn í Mosfellsbæ hafa nú skýran rétt til að sækja um NPA.

Mosfellsbær var ekki eina sveitarfélagið sem útilokaði börn frá NPA og nú er brýnt að fleiri sveitarfélög breyti sínum reglum um NPA til samræmis við lög um þjónustu við fatlað fólk.

Öll eru sammála um mikilvægi þess að tryggja börnum mannréttindi og mannréttindi fatlaðra barna er m.a. rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi til jafns við ófötluð börn.

1.10.5 Umsagnir um lagafrumvörp

1.10.5.1 Umsögn um fjárlagafrumvarpið 2023

Eins og áður segir skilaði NPA miðstöðin inn ítarlegri umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023. Í umsögninni er reifað hvernig ríkissjóður hefur vanáætlað og vanfjármagnað sinn hluta af NPA og fyrir vikið séu um helmingi færri NPA samningar í gildi í dag en þeir ættu að vera samkvæmt lögum nr. 38/2018.

Í umsögninni er gerð krafa um að ríkissjóður standi við skuldbindingar sínar um fjármögnun NPA samninga fyrir árið 2023. Í það minnsta er gerð krafa um að ríkissjóður bæti inn í fjárlögin viðbótarfjármagni vegna 44 NPA samninga sem séu á biðlista. Umsögnin vakti mikla athygli og mótaði grunn að samráðshópi sem þrýsti á stjórnvöld um að hækka verulega framlög sín til NPA.

Umsögnina má lesa með því að smella á hlekkinn hér fyrir neðan:

athingi.is/altext/erindi/153/153-34.pdf

1.10.5.2 Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við SSRFF

Í nóvember 2022 sendi NPA miðstöðin inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu og lögfestingu valfrjálsrar bókunar við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lagði NPA miðstöðin áherslu á það í umsögninni að rétt þýðing bókunarinnar yrði notuð auk þess sem samráð yrði haft við hagsmunafélög fatlaðs fólks og fræðasamfölagið við lögfestinguna og innleiðingu bókunarinnar.

Valfrjálsa bókunin gerir fötluðu fólk kleift að sækja réttindi sín vegna brota á samningnum með málskoti til sérstakrar nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og myndi það stuðla bæði að réttri túlkun og réttri framkvæmd samningsins hér á landi. Jafnframt myndi bókunin auka réttaröryggi og vernd fatlaðs fólks og veita stjórnvöldum á Íslandi nauðsynlegt aðhald við innleiðingu þessa mikilvæga samnings hér á landi.

NPA miðstöðin hefur áður skrifað umsagnir við frumvörp til lögfestingar á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi faltaðs fólks. Í umsögninni er enn á ný hvatt til þess að samningurinn verði löfestur án tafar.

Umsögnina má lesa með því að smella á linkinn hér fyrir neðan:

althingi.is/altext/erindi/153/153-598.pdf

1.10.6 Samstarf og samráð við sveitarfélög og ríki

NPA miðstöðin hefur um árabil tekið virkan þátt í samstarfi og samráði við bæði ríki og sveitarfélög. Fulltrúar miðstöðvarinnar eiga reglulega samráðsfundi með nokkrum af stærstu sveitarfélögum landsins þar sem farið er yfir samstarfið og álitamál, ef einhver eru.

Formaður NPA miðstöðvarinnar situr nú í nefnd um endurskoðun reglugerðar um NPA og er meðlimur í hópi á vegum Félagsmálaráðuneytisins sem vinnur að innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um sjálfstætt líf á Íslandi. Jafnframt situr Hallgrímur gjaldkeri miðstöðvarinnar í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks í Reykjavík.

1.11 Nýir kjarasamningar og viðræður við Eflingu og Starfsgreinasambandið

NPA miðstöðin hefur frá árinu 2013 gert kjarasamning við Eflingu og tiltekin stéttarfélög innan starfsgreinasambandsins um störf NPA aðstoðarfólks. Á árinu 2022 var útfærður nýr kjarasamningur fyrir NPA aðstoðarfólk þar sem innleiddar voru nokkrar breytingar á kjaraumhverfi NPA aðstoðarfólks, t.a.m. styttning vinnuvikunnar, breyting á álagsþrepum ásamt því sem skerpt var á tilteknum álitamálum sem varða skipulag á vöktum og hvíldarvöktum. Sá samningur hafði hins vegar stuttan gildistíma og rann út þann 1. nóvember sl. líkt og aðrir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði.

Í kjölfarið tók við nokkuð átakatímabil og langar kjaraviðræður milli aðila vinnumarkaðarins. Efling ákvað að slíta sig frá Starfsgreinasambandinu í viðræðum sínum við Samtök atvinnulífsins og hafa nú raunar formlega gengið úr sambandinu. Jafnframt krafðist Efling meiri hækjunar fyrir félagsfólk sitt en áður hafði verið um samið hjá öðrum stéttarfélögum. Upp hófust miklar kjaradeilur sem leiddu af sér verfallsboðanir og boð um verkbönn á báða bóga. Þar sem NPA aðstoðarfólk starfar eftir kjarasamningum Eflingar var leitast við að ganga úr skugga um að fyrirhugaðar verfallsaðgerðir myndu ekki ná yfir störf NPA aðstoðarfólks. NPA miðstöðin fékk svo úr því skorið hjá forystusveit Eflingar að mannúð yrði höfð að leiðarljósi í vinnumarkaðsaðgerðum Eflingar og að NPA notendur þyrftu ekki að hafa áhyggjur.

Þar sem kjaradeila Eflingar var farin að dragast á langinn og Efling virtist vera að draga sig úr Starfsgreinasambandinu varð NPA miðstöðinni ljóst að líklega yrði niðurstaðan sú að miðstöðin þyrti í framtíðinni að gera tvo kjarasamninga vegna NPA aðstoðarfólks, annars vegar við Eflingu og hins vegar við Starfsgreinasambandið. Miðað við umræðuna á þeim tíma var einnig ljóst að þessir aðilar væru með ólíkar áherslur og því sá NPA miðstöðin fram á að samningarnir yrðu ólíkir, þ.e. NPA aðstoðarfólk væru með mismunandi kjör eftir því hvar á landinu það starfaði. Að mati NPA miðstöðvarinnar var þessi staða óásættanleg og hófst því handa við að kanna hvort unnt væri að gera nýjan kjarasamning vegna NPA aðstoðarfólks við annað stéttarfélag sem starfar á öllu landinu.

NPA miðstöðin kannaði málið, leitaði álits lögfræðinga og sérfræðinga á sviði kjararéttar og niðurstaðan eftir þau samtöl voru á þá leið að NPA miðstöðin gæti gert kjarasamning við hvern sem væri. Engum svokölluðum forgangsrétti væri til að dreifa vegna NPA aðstoðarfólks og því væri NPA miðstöðinni frjálst að gera kjarasamninga við önnur stéttarfélög. Í kjölfarið hófust viðræður við annað stéttarfélag og var vinna við gerð nýs kjarasamnings langt komin nú á vormánuðum ársins 2023 þegar Efling gerði athugasemd við þá vinnu. Að mati Eflingar voru Efling og Starfsgreinasambandið með forgangsrétt til að semja um kjör NPA aðstoðarfólk vegna tilvísunar í aðalkjarasamning Eflingar og Samtaka atvinnulífsins sem finna má í kjarasamningi NPA aðstoðarfólk. Var bent á að þar væri ákvæði um forgangsrétt sem Efling taldi eiga við um störf NPA aðstoðarfólks.

Þar sem stéttarfélagið sem NPA miðstöðin var í viðræðum við á þessum tíma kærði sig ekki um að standa í lagadeilu við Eflingu varðandi þetta var viðræðunum slitið og samtalið tekið upp við Eflingu og Starfsgreinasambandið. Niðurstaðan úr þeim samtölum var að samþykkja nýja launatöflu fyrir NPA aðstoðarfólk sem gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024 og sem tryggir NPA aðstoðarfólk sambærilegar kjarahækkanir og áttu sér stað á almennum vinnumarkaði. Þá er skrifað undir bókun þess efnis að Efling, Starfsgreinasambandið og NPA miðstöðin muni standa sameiginlega að gerð nýs heildarkjarasamnings fyrir NPA aðstoðarfólk, þar sem áhersla verður lögð á meiri skýrleika og aðgengilegri samning, þar sem öll viðeigandi ákvæði um kjör og kjarareglur NPA aðstoðarfólks verða til staðar í einu skjali.

Það eru vonbrigði að ekki hafi tekist að koma nýjum heildarkjarasamningi fyrir NPA aðstoðarfólk yfir línuna, en vonir NPA miðstöðvarinnar standa til þess að unnt verði að

nýta að einhverju leiti þá vinnu í áframhaldandi viðræðum við Eflingu og Starfsgreinasambandið á nýju starfsári.

1.11.1 Uppfærðir jafnaðartaxtar vegna hækkunar kjarasamnings

Um leið og endanlegur kjarasamningur lá fyrir tók NPA miðstöðin saman útreikninga fyrir uppfærða jafnaðartaxta vegna NPA samninga. Miðstöðin hefur frá árinu 2018 tekið saman slíka útreikninga fyrir sveitarfélög til að miða framlög sín til NPA við, en útreikningarnir miðast við gildandi kjarasamning NPA aðstoðarfólks hverju sinni.

Á liðnu starfsári þurfti NPA miðstöðin í fyrsta sinn að reikna út ólíka taxta fyrir þrjú tímabil, þ.e. taxta vegna launahækunar frá 1. janúar 2022, svo hækjun vegna hagvaxtarauka frá 1. apríl 2022 og svo frá 1. maí 2022 til 1. nóvember 2022 vegna tilkomu styttingu vinnuvikunnar.

Árið 2022 var þannig nokkuð óvenjulegt að þessu leyti. Laun hækkuðu frá áramótum 1. janúar og þann 1. maí 2022 tók gildi stytting vinnuvikunnar hjá NPA aðstoðarfólki, auk þess sem álagsprósentum í launatöflunni fjölgaði til samræmis við launatöflur sem gilda um sambærileg störf hjá ríki og sveitarfélögum. Í hinum svonefnda lífskjarasamningi frá árinu 2019, hafði svo verið kveðið á um tilteknar viðbótarlaunahækkanir sem myndu virkast ef efnahagsþróun yrði hagfelldari en vænst var hverju sinni. Vegna hagvaxtar á árinu 2021 kom til framkvæmda sérstakur hagvaxtarauki frá 1. apríl 2022, en hagvaxtaraukinn fól í sér hækjun á launum og kauptöxtum sem nam 10.500 kr. á mánuði. Þetta hafði í för með sér nokkuð óvænta afturvirkra hækjun á launakostnaði NPA aðstoðarfólks sem NPA miðstöðin þurfti að sækja um leiðréttigar vegna.

1.11.2 Innheimtuaðgerðir gagnvart sveitarfélögum og árangur þeirra

Sem fyrr hefur gengið misjafnlega að fá sveitarfélög til þess að samþykkja nýja jafnaðartaxta vegna launahækkanana NPA aðstoðarfólks, en mörg sveitarfélög bíða með að leiðréttu taxta þar til mörgum mánuðum eftir að þeir tóku gildi, þrátt fyrir skýra skyldu þeirra til þess að fylgja launahækjunum.

Tekin var sú ákvörðun haustið 2022 að leita til lögfræðings til að innheimta kröfur félagsfólks NPA notenda á hendur sveitarfélögum og láta þannig reyna á þessa skyldu sveitarfélaga skv. reglugerð og samningum sem gilda um þjónustuna. Innheimtuaðgerðirnar skiluðu nokkuð markvissum árangri og hafa nú flest sveitarfélög skilað réttum greiðslum til NPA notenda.

NPA miðstöðin mun halda áfram að þrýsta á sveitarfélög í þessum efnum og berjast fyrir skilvirkari framkvæmd greiðslna.

1.12 Erlent samstarf, ráðstefnur og viðburðir erlendis

NPA miðstöðin tekur þátt í ýmis konar erlendu samstarfi en það er breytilegt milli ára hversu mikið það er og hvað stendur upp úr hverju sinni.

Stundum koma gestir erlendis frá í heimsókn sem vilja fræðast um NPA og starfsemi miðstöðvarinnar og komu t.d. kennrarar frá háskóla í Árósum í heimsókn nuna í maí. NPA miðstöðin er einnig aðili að spjallþræði fólks sem starfar hjá nokkrum félögum um sjálfstætt líf á Norðurlöndunum og getur það komið sér vel að leita álits og aðstoðar hjá þeim. NPA miðstöðin býr einnig að þeim tengslum sem mynduðust í heimsókn NPA miðstöðvarinnar til systurfélaga í Noregi og Svíþjóð, árið 2019.

1.12.1 Ráðstefnur

Nordic Network of Disability Research ráðstefnan var haldin nuna 10.-12. maí síðastliðinn og var NPA miðstöðin þess heiðurs aðnjótandi að fá að taka þátt. Ráðstefnan er haldin í 16. sinn í ár og fór að þessu sinni fram hér á Íslandi. Erna Eiríksdóttir fræðslustýra var með tvö erindi á ráðstefnunni og hún og Rúnar formaður voru svo saman með eitt. Ráðstefnan var vel sótt en yfir 700 gestir voru skráðir á ráðstefnuna og 122 málstofur haldnar á aðeins tveimur dögum. Er það mikill heiður að fá að taka þátt í ráðstefnu á alþjóðlegum vettvangi sem þessum. Hér má sjá yfirlit yfir erindin:

1. Umfjöllun um NPA á Íslandi og NPA miðstöðina, á fræðslufundi sem EASPD – European Association of Service Providers for Persons with Disabilities stóð fyrir. Einungis 40 boðsgestir sátu þann fund. Aðrir fyrirlesarar voru Aðalbjörg Traustadóttir frá velferðarsviði Reykjavíkur, Anna Lára Steindal frá Proskahjálp og Maarit Aalto fötlunarfræðingur.
2. Erna og Rúnar formaður, ásamt Rannveigu Traustadóttur prófessor í fötlunarfræðum, ræddu um stöðu NPA á Íslandi, í erindi sem Teodor Mladenov frá University of Dundee skipulagði og fjallaði um hugmyndafræðina um sjálfstætt líf forðum daga, í nútíð og framtíðarsýn í Evrópu.
3. Erindi um lög og reglugerðir á Íslandi og þau áhrif sem þær kunna að hafa á fólk með NPA. Það erindi var unnið með systurfélögum NPA miðstöðvarinnar, Uloba í Noregi og Stil í Svíþjóð. Erindið bar yfirskriftina „Policy and theoretical perspectives IV - Regulatory, financial, and other political barriers for realizing the right to personal assistance (PA) in Iceland, Sweden, and Norway“.

1.12.2 NordPlus COMPASS - Norrænt samstarf

NPA miðstöðin hlaut á síðasta ári, styrk til að taka þátt í verkefninu „COMPASS - Creating opportunities: bridging the gap between employers and staff with diverse cultural backgrounds“. Verkefnið er fjármagnað af NordPlus sjóðnum og felst í meginráttum í því að fulltrúar frá Norrænum félögum (NPA-is, JAG-fi-no-se og KVPS-fi) hittist og ræðið hvernig samvinnufélög fatlaðs fólks sem vinnuveitendur geti aðlagað störf aðstoðarfólks að fólk með blandaðan bakgrunn, s.s. fólk af erlendum uppruna og flóttafólk.

Á síðasta starfsári var fundað í tvígang. Fundarröðin byrjaði á Íslandi og tók NPA miðstöðin á móti þáttakendunum í október síðastliðnum. Næst var fundað í Noregi í febrúar síðastliðnum. Í júní nk. mun hópurinn hittast í Finnlandi og svo loks í Svíþjóð í október. Áætlað er að vinnunni muni ljúka með lokaskýrslu fyrir áramótin 2023.

1.12.3 ENIL og Freedom Drive

NPA miðstöðin hefur verið fullgildur meðlimur í Evrópusamtökum um sjálfstætt líf (ENIL) frá árinu 2017.

Annað hvert ár standa samtökin fyrir viðburði í Brussel í Belgíu þar sem aðildarfélögum, systursamtökum og fötluðu fólki almennt er boðið að taka þátt í nokkurra daga dagskrá sem nær hámarki með kröfugöngu, sem ber heitið Freedom Drive. NPA miðstöðin sendi fulltrúa sína til að taka þátt í Freedom Drive árið 2017 og 2019 en fyrirhugaðri göngu árið 2021 var frestað vegna COVID-19.

Freedom Drive var haldið með pompi og prakt dagana 26.-28. september á síðasta ári, 2022. Dagskráin samanstóð af nokkrum vinnuhópum um tiltekin málefni, kröfugöngu í gegnum Brussel og loks ráðstefnu á lokadeginum.

NPA miðstöðin sendi fjóra fulltrúa til að taka þátt í Freedom drive. Tvær félagskonur fóru fyrir hönd miðstöðvarinnar, þær Sigrún Jensdóttir og Þorbera Fjölnisdóttir og svo tveir NPA ráðgjafar, þær Erna Eiríksdóttir og Inga Dóra Glan. Höfðu þær á orði hve mikinn lærdóm þær hefðu dregið af því að sitja málstofurnar og ráðstefnuna en ekki síður hve gríðarlega áhrifamikið hefði verið, þrátt fyrir kulda og rigningu, að taka þátt í Freedom drive göngunni, enda hefði krafturinn í göngunni verið ótrúlegur!

1.13 Heimsfaraldri COVID-19 lokið

COVID-19 veirufaraldurinn sem kom upp snemma árs 2020, hafði mikil áhrif um alla heimsbyggðina, eins og öll vita. Faraldurinn hafði að sjálfsgögðu mikil áhrif á líf félagsfólks NPA miðstöðvarinnar sem mörg hver töldust vera í áhættuhópi vegna COVID-19. Faraldrinum fylgdu líka ýmsar áskoranir tengt því að hafa aðstoðarfólk í vinnu hjá sér á sama tíma og fólk, sérstaklega þau sem voru í áhættuhópi, var hvatt til að einangra sig og takmarka samskipti við annað fólk.

Heimsfaraldrinum fylgdu ýmsar áskoranir og mörg brýn verkefni sem starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þurfti að bregðast við og leysa. Það þýddi jafnframt að í einhverjum tilvika varð að slá öðrum verkefnum sem tengdust uppbyggingu miðstöðvarinnar á frest.

Í framhaldi af afléttingu hafta í lok febrúar á síðasta ári, fór smitum á meðal félagsfólks og aðstoðarfólks þess að fjölga. Því fylgdu ýmsar áskoranir fyrir félagsfólk og úrlausnarefni fyrir starfsfólk skrifstofu. Auk þess fór smitum hjá starfsfólk á skrifstofu líka að fjölga sem setti mark sitt á starfið á skrifstofunni.

Síðastliðinn veturnar var svo á köflum, mikið um veikindi almennt hjá starfsfólki skrifstofu og fjölskyldum þeirra, eins og víða í samfélagini í kjölfar COVID-19 og höfðu þær fjarvistir veruleg áhrif á skrifstofunni á tímabili í veturnar.

Á nýliðnu starfsári var loksins ekki um neina heimavinnu starfsfólk vegna COVID-19 að ræða.

Í byrjun árs 2023 var tekið ýtarlegt viðtal við starfsmann NPA miðstöðvarinnar vegna rannsóknar á vegum Háskóla Íslands um reynslu félagasamtaka fatlaðs fólks af samráði í COVID faraldrinum.

Í dag, gætir áhrifa COVID-19 ekki lengur á skrifstofunni, að öðru leyti en því að starfsfólk kom að einhverju leyti langþreytt út úr þessu tímabili, eins og eflaust mörg í þjóðfélagini. Vonum við sannarlega að þessum kafla sé hér með að öllu leyti lokið!

1.14 Starfið framundan

Nú sem endranær verður nóg að gera hjá stjórn og starfsfólki NPA miðstöðvarinnar á nýju starfsári, enda fylgir vexti NPA miðstöðvarinnar mikil uppbygging og þróunarvinna.

Eftirfarandi er það sem stefnt er að því að vinna á nýju starfsári.

- Áframhaldandi þróun þjónustulíkans og verkferla NPA ráðgjafa.
- Áfram verður leitað leiða til að straumlínulaga bókhaldið og þróa verkferla í bókhalds- og launadeild.
- Áframhaldandi þróun og uppbygging fræðslustarfs NPA miðstöðvarinnar.
- Jafningaspjall að lágmarki þrisvar á önn.
- Mögulega verður látið á það reyna að halda skemmtiviðburð af einhverju tagi, t.d. jólaball.
- Stefnt er að því að þýða siðasáttmála og aðgerðaáætlun NPA miðstöðvarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, yfir á ensku.
- Handbók verkstjórnenda er reglulega í endurskoðun.
- Áfram verður unnið að því að skrifa handbók aðstoðarfólks sem er yfirgripsmikil vinna.
- Ýmis verkefni sem snúa að upplýsingagjöf bíða úrlausnar, t.d. endurgerð vefsíðu NPA miðstöðvarinnar. Jafnframt mætti nefna útfærslu á „upplýsingapakka“ fyrir nýtt aðstoðarfólk.
- Áframhaldandi vinnsla auglýsingaherferðar sem ætlunin er að laði aðstoðarfólk til starfa og sé jafnframt almenn kynning á NPA.
- Áfram verður unnið að fleiri notkunarmöguleikum Salesforce kerfisins sem er í daglegri notkun á skrifstofunni, m.a. tengingu Salesforce við DK bókhaldskerfið.
- Áfram verður unnið að þróun Tímon viðveruskráningarkerfisins og bættu notendaviðmóti þess. Til stendur að bjóða frekari fræðslu um Tímon á jafningaspjalli eigi síðar en næsta haust.

- Áfram verður haldið við að innréttu skrifstofu NPA miðstöðvarinnar í áföngum.
- Áframhaldandi þátttaka í Norræna samstarfinu „COMPASS - Creating opportunities: bridging the gap between employers and staff with diverse cultural backgrounds“, um störf aðstoðarfólks.
- Áframhaldandi hagsmunagæsla fyrir fatlað fólk og réttinum til sjálfstæðs lífs, gagnvart ríki og sveitarfélögum.
- Áframhaldandi aðhald gagnvart yfirvöldum, t.d. skrif umsagna við þingsályktunartillögum og frumvörpum.
- Undirbúningur fyrir fjölgun í hópi félagsfólks miðstöðvarinnar sem er líkleg í ljósi loforða um fjölgun NPA samninga á árinu.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar hlakkar til að halda áfram að bæta þjónustu NPA miðstöðvarinnar, vinna að uppbyggingu hennar og beita sér í hagsmunabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi.

2 NPA MIÐSTÖÐIN

2.1 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar

Félagsfólk fjölgaði um 5 á undangengnu starfsári. Þegar aðalfundur var haldinn í fyrra, þann 28. maí 2022, voru eigendur NPA miðstöðvarinnar 54 talsins. Í dag er félagsfólk 59 talsins.

Af félagsfólk NPA miðstöðvarinnar eru 9 með beingreiðslusamninga en í fyrra voru þeir 3 talsins. NPA samningar eru nú 50 talsins en voru 51 í fyrra. Þjónusta og umsýsla hjá miðstöðinni vegna beingreiðslusamninga fer fram með sama hætti og vegna NPA samninga. Félagsfólk með beingreiðslusamninga nýtur sömu réttinda hjá miðstöðinni og notendur með NPA samninga. Því miður eru sveitarfélög enn í einhverjum tilvika að úthluta fólk sem hefur sótt um NPA samning, beingreiðslusamning í staðinn. Skýrir það fjölgun beingreiðslusamninga hjá NPA miðstöðinni á undangengnu starfsári. Í gegnum tíðina hefur NPA miðstöðin aðstoðað þau sem eru með beingreiðslusamning en vilja frekar NPA samning, við að sækja um NPA samning og mun miðstöðin halda því áfram.

2.1.1 Fallnir félagar

NPA miðstöðin sá á eftir tveimur félögum á nýliðnu starfsári.

Gunnar Valdimarsson lést þann 31. júlí síðastliðinn, þá 61 árs gamall. Gunnar var með samning við Hafnarfjarðarbæ og hafði verið félagi í NPA miðstöðinni síðan 2021.

Sævar Hjálmarsson fæddist í Reykjavík 24. apríl 1946. Hann lést á Landspítalanum í Fossvogi, 27. apríl síðastliðinn, 77 ára að aldri. Sævar var með samning við Hafnarfjarðarbæ og hafði verið félagi í miðstöðinni frá árinu 2021.

NPA miðstöðin þakkar þeim Gunnari og Sævari samfylgdina og sendir aðstandendum þeirra samúðarkveðjur.

2.2 Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar og þjónustusvæði sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks

Sveitarfélög á landinu tilheyra öll tilteknu þjónustusvæði sveitarfélags eða sveitarfélaga hvað varðar þjónustu sína við fatlað fólk. Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar skiptist niður á 10 þjónustusvæði á landinu.

ÞJÓNUSTUSVÆÐI FÉLAGSFÓLKS NPA MIÐSTÖÐVARINNAR

ÞJÓNUSTUSVÆÐI SVEITARFÉLAGS/A	SVEITARFÉLAG
Reykjavík	Reykjavík
Kópavogur	Kópavogur
Garðabær	Garðabær
Hafnarfjörður	Hafnarfjörður
Þjónustusvæði Mosfellsbæjar og Kjósahrepps	Mosfellsbær
Þjónustusvæði Bergrisans	Árborg Rangárvalla- og v. Skaftafellssýsla
Ísafjarðarbær	Ísafjarðarbær
Þjónustusvæði Norðurlands eystra	Dalvíkurbyggð
Akureyri	Akureyri
Reykjanesbær	Reykjanesbær

Grafik: NPA miðstöðin/Silja 

2.3 Félagsfundir

Engir félagsfundir voru haldnir á nýliðnu starfsári.

2.4 Fjöldi NPA aðstoðarfólks

Í maí 2023 gegna hátt í 310 einstaklingar stöðu NPA aðstoðarfólks hjá félagsfólk NPA miðstöðvarinnar í mismunandi starfshlutföllum. Um svipað leyi í fyrra var aðstoðarfólk um 245 talsins.

2.5 Stjórn

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmenn og þrír varamenn.

Á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar þann 28. maí 2022 var Rúnar Björn Herrera Þorkelsson kosinn formaður NPA miðstöðvarinnar.

Eftirfarandi stjórnarfólk var kjörið í stjórn og skiptu þau með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi nýkjörinnar stjórnar sem hér segir:

- Hallgrímur Eymundsson, gjaldkeri.
- Ágústa Arna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi.
- Salóme Mist Kristjánsdóttir, meðstjórnandi.
- Þorbera Fjölnisdóttir, meðstjórnandi.

Varafulltrúar í stjórn voru kjörnir:

- Jóna Elísabet Ottesen, 1. varamaður.
- Halldóra Sigríður Bjarnadóttir, 2. varamaður.
- Þorsteinn Sturla Gunnarsson, 3. varamaður.

Löngum hefur verið rætt um að breyta stjórnartíma á þann veg að kjörinn stjórnarmaður sitji tvö tímabil og að kosið verði um two nýja stjórnarmenn og formann á hverjum aðalfundi. Það myndi auðvelda félagsfólki að skipa í stjórnina á hverju ári, en oft hefur gengið erfiðlega að manna öll hlutverk í stjórninni. Þetta breytta fyrikomulag myndi þó kalla á breytingu á samþykktum félagsins og verður ekki gert fyrr en í fyrsta lagi fyrir aðalfundinn 2024.

2.5.1 Fjöldi stjórnarfunda

Á starfstímabilinu árið 2022-2023 voru haldnir 9 stjórnarfundir, 3 á árinu 2022 og 6 á árinu 2023.

2.6 Starfsfólk á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar á undangengnu starfsári. Tveir starfsmenn luku störfum á starfsárinu og nokkrir nýir hafa bæst í hópinn. Fyrir um ári síðan var starfsfólk á skrifstofu 11 talsins og af þeim voru 2 í barneignaorlofi. Starfsfólk á skrifstofu eru í dag orðin 17 talsins en af þeim er 1 í barneignaorlofi.

Starfsfólk skrifstofu

- Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, formaður
- Hjörtur Örn Eysteinsson, framkvæmdastjóri
- Silja Steinunnardóttir, samskiptastýra
- Andri Valgeirsson, upplýsingatækni
- Inga Dóra Glan, teymisstýra ráðgjafa og ráðgjafi
- Erna Eiríksdóttir, fræðslustýra og ráðgjafi

NPA ráðgjafar

- Anna Íris Pétursdóttir
- Breki Arnarsson
- Elísabet Jenný Hjálmarsdóttir
- Helga Sigríður Thorlacius Fossberg
- Katrín Einarsdóttir
- Sigríður Ása Alfonsdóttir

Bókarar og launafulltrúar

- Daníel Páll Jónasson
- Ester Sveinbjarnardóttir
- Regína Þorvaldsdóttir
- Sigríður Jónsdóttir
- Sigurdís Rós Jóhannsdóttir (í barneignaorlofi).

Með fjölgun starfsfólks undanfarna mánuði, standa vonir til að meira svigrúm skapist til þróunarverkefna, bæði hvað varðar handbækur og gögn en líka hvað varðar verkferla og kerfi. Fjölgun starfsfólks á skrifstofunni ætti jafnframt að renna styrkari stoðum undir þjónustu við félagsfólk og aðstoðarfólk.

2.6.1 Starfsmannavelta hjá NPA miðstöðinni

Eftirfarandi tafla veitir innsýn í starfsmannaveltu NPA miðstöðvarinnar í gegnum árin. Ekki er tekið tillit til starfshlutfalls þeirra sem um ræðir. Hafa ber í huga að endanlegar tölur fyrir 2023 munu ekki liggja fyrir fyrr en í lok árs.

FJÖLDI STARFSFÓLKS OG STARFSMANNAVELTA (%)

Ár	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Heildarfjöldi	1	1	2	4	7	8	11	12	17
Starfslok	0	0	0	0	0	1	2	1	1
Hlutfall %	0	0	0	0	0	12,5	18,2	8,3	5,9

Grafik: NPA miðstöðin/Silja 

2.7 Rekstur og stefnumótun NPA miðstöðvarinnar

Stjórn NPA miðstöðvarinnar skipa fimm aðalmenn og þrír varamenn. Hlutverk stjórnar er að móta faglegt starf sem byggir á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf. Einnig að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin tekur ákvárdanir um starfsemi félagsins og málefni á milli aðalfunda. Rúnar Björn Herrera Þorkelsson formaður stjórnar er jafnframt einn starfsmanna á skrifstofu. Hann er rödd stjórnarinnar á skrifstofunni og segja má að hann sé áttavitinn í starfi miðstöðvarinnar og sá sem ryður brautina í hagsmunabaráttu vegna NPA og fyrir fatlað fólk. Meðal verkefna formanns eru:

- Tengiliður stjórnar og skrifstofu, ásamt framkvæmdastjóra.
- Náið samstarf við framkvæmdastjóra.
- Álitsgjöf og aðstoð við allt starfsfólk á skrifstofu við fjölbreytt verkefni.
- Situr starfsfundi, fundi ráðgjafa, fundi með bókurum og er mikilvæg rödd í stefnumótunarstarfi miðstöðvarinnar.
- Gætir þess að hugmyndafræðin um sjálfstætt líf sé ávallt í heiðri höfð í starfi miðstöðvarinnar.
- Er andlit NPA miðstöðvarinnar út á við og situr í nefndum og ráðum um málefni fatlaðs fólks og NPA.

Framkvæmdastjóri NPA miðstöðvarinnar er Hjörtur Örn Eysteinsson. Hann ber ábyrgð á daglegri starfsemi NPA miðstöðvarinnar. Í því felst m.a. eftirfarandi:

- Framfylgja stjórnarsamþykktum og öðrum ákvörðunum stjórnar.
- Yfirumsjón með fjárhagslegu uppgjöri miðstöðvarinnar í samstarfi við bókara miðstöðvarinnar, endurskoðendur félagsins og gjaldkera stjórnar.
- Framfylgja rekstraráætlun og uppfæra hana.

- Hafa yfirsýn yfir rekstur miðstöðvarinnar og að útgjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun.
- Hafa yfirumsjón með og annast hina ýmsu samninga og tengd skjöl.
- Eiga samskipti við félagsfólk, aðstoðarfólk, ýmsa opinbera aðila hjá ríki og sveitarfélögum o.fl.
- Veita sérhæfða ráðgjöf og þjónustu, t.d. er varðar réttinn til NPA og margt fleira.
- Veita ráðgjöf varðandi lögfræðileg álitamál.
- Skrifa umsagnir við frumvörp og þingsályktunartillögur.
- Leiða kjaraviðræður og gerð kjarasamninga.
- Starfsmannamál og margt fleira.

Í september síðastliðnum var haldinn stefnumótunardagur starfsfólks skrifstofu og stjórnar þar sem litið var yfir sviðið og áherslur varðandi forgangsröðun og stefnumótun til framtíðar voru mótuð.

2.8 Rekstur og fjárhagur

Í reglum um NPA er kveðið á um þrískiptingu NPA samninga, þ.e. að 85% samnings er ætlað til greiðslu launa aðstoðarfólks, 10% er framlag vegna umsýslu (sem í tilviki NPA miðstöðvarinnar rennur til hennar til reksturs miðstöðvarinnar) og 5% framlag til notanda til þess að mæta kostnaði vegna aðstoðarfólks. Kostnaður vegna aðstoðarfólks getur verið margvíslegur, enda ljóst að aðstoðarfólk þarf að fylgja notanda í hans daglega lífi.

NPA miðstöðin svf. er samvinnufélag, sbr. lög nr. 22/1991 um samvinnufélög. Um eignarhald og ágóða er fjallað í 12. gr. samþykkta miðstöðvarinnar, sem hljóðar svo: „Félagið er í eigu félagsmanna og skal starfrækt án fjárhagslegs ágóðasjónarmiðs og skal félagsmönnum ekki greiddur út arður af starfseminni.“

Hagnaður, 11,6 millj. kr., varð af starfseminni skv. ársreikningi fyrir árið 2022, samanborið við 20,6 milljóna króna hagnað árið á undan. Hagnaður af rekstri miðstöðvarinnar verður nýttur til þess að efla þjónustu, fræðslu og ráðgjöf og styrkja rekstur og stöðu NPA miðstöðvarinnar. Velta NPA miðstöðvarinnar á árinu 2022 fór yfir 1,7 milljarð á árinu, jókst um tæplega 20% frá árinu á undan, og hafa umsvif miðstöðvarinnar aldrei verið meiri. Slíkum vexti fylgir auðvitað aukinn kostnaður svo sem vegna bókhalds og endurskoðunar. Í samræmi við ályktun á aðalfundi NPA miðstöðvarinnar árið 2021 var leitast eftir því að NPA miðstöðin fengi fulla endurskoðun frá og með árinu 2021 og að framvegis myndu endurskoðendur annast kynningu á ársreikningi NPA miðstöðvarinnar.

Eigið fé félagsins var jákvætt sem nemur 86,7 millj. kr. við árslok skv. efnahagsreikningi.

2.9 Starfsemi NPA miðstöðvarinnar

2.9.1 Starfsemi á skrifstofu

Kjarninn í starfsemi NPA miðstöðvarinnar er þjónusta við verkstjórnendur og aðstoðarfólk miðstöðvarinnar. Sú þjónusta og umsýsla er það sem mestur tími starfsfólks á skrifstofu fer í.

NPA ráðgjafar, eins og fram hefur komið, sinna fjölbreyttum verkefnum en meginhlutverk þeirra er að ráðleggja og styðja verkstjórnendur og aðstoðarfólk í hlutverki sínu til að stuðla að farsælli framkvæmd á NPA. Hægt er að fá samband við ráðgjafa í gegnum síma og tölvupóst eða óska eftir því að hitta ráðgjafa á skrifstofu miðstöðvarinnar.

Bókarar sinna launagreiðslum og bókhaldi, svara fyrirspurnum og aðstoða við mál þar að lútandi. Netföng í bókhalds- og launadeild eru bokhald@npa.is og laun@npa.is.

Félagsfólk NPA miðstöðvarinnar stendur einnig til boða ráðgjöf hjá framkvæmdastjóra NPA miðstöðvarinnar varðandi álitamál sem snúa að lögfræðilegum úrlausnarefnum og kærumálum.

Stytting vinnuviku hjá starfsfólk skrifstofu, tók gildi í júní 2022 og þá styttist opnunartími NPA miðstöðvarinnar á föstudögum. Opnunartími NPA miðstöðvarinnar er mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-15:00 og föstudaga kl. 10:00-13:00.

Hægt er að fá samband við allt starfsfólk miðstöðvarinnar með því að senda tölvupóst á netfangið npa@npa.is eða hringja í síma 567 8270.

2.9.2 Húsnæði NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin rekur starfsemi sína í skrifstofuhúsnæði í Urðarhvarfi 8A í Kópavogi, en miðstöðin flutti starfsemi sína þangað úr Hátúni 12 í byrjun apríl árið 2020.

Húsnæði NPA miðstöðvarinnar er mjög aðgengilegt fyrir hreyfihamað fólk, og þrátt fyrir að vera á annarri hæð er hægt að ganga beint inn í rými miðstöðvarinnar frá bílastæði og einnig beint úr bílskýli. Lyftur eru þó einnig í húsinu. Inngangar að húsnæðinu eru sjálfvirkir og opnast sjálfkrafa fyrir gestum. Á skrifstofu NPA miðstöðvarinnar eru afmörkuð rými, rafknúin borð sem hægt er að hæðarstilla, stólar og sófar, tölvuskjáir og sjónvarpsskjáir, fundarborð, tölvubúnaður, prentarar o.fl. ásamt starfsfólk sem er til þjónustu reiðubúið.

Félagsfólk getur m.a. nýtt sér húsnæði miðstöðvarinnar til þess að halda starfsmannafundi og til að taka starfsmanna- og eða atvinnuviðtöl. Enn fremur getur félagsfólk nýtt sér miðstöðina sem vinnuaðstöðu til þess að halda utan um og skipuleggja sína notendastýrðu persónulegu aðstoð.

Einnig er hægt að nýta húsnæði miðstöðvarinnar til þess að hýsa fundi og margvíslega fræðslustarfsemi eða námskeið. Tæknibúnaður miðstöðvarinnar gerir það enn frekar að verkum að unnt er að vera með fjarfundi í hljóði og mynd.

2.9.3 Hugmyndafræði NPA miðstöðvarinnar

Leiðarljós NPA miðstöðvarinnar hefur ávallt verið hugmyndafræðin um sjálfstætt líf og leggur sú hugmyndafræði hornstein að starfsemi miðstöðvarinnar. NPA miðstöðin hefur frá upphafi, í samræmi við reglur um NPA, skilgreint verkefni NPA verkstjórnenda og miðstöðvarinnar með það að markmiði að tryggja sjálfstætt líf verkstjórnenda eins og kostur er.

2.9.4 Hagsmunagæsla NPA miðstöðvarinnar

NPA miðstöðin veitir félagsfólki sínu, og raunar öllum NPA notendum á Íslandi óháð umsýsluaðila, öfluga hagsmunagæslu og þjónustu sem ekki er endilega alltaf sýnileg. NPA miðstöðin er til að mynda eini umsýsluaðili NPA samninga sem annast gerð kjarasamninga fyrir NPA aðstoðarfólk, en ef NPA miðstöðin myndi ekki sinna því hlutverki þyrftu notendur að annast slíka samningagerð sjálfir. Í kjölfar kjarasamningsbundinna hækkaná er NPA miðstöðin svo eini aðilinn sem tekur að sér að reikna út, kynna og fylgja eftir lágmarkstaxta NPA samninga og hefur gert það síðan 2018. NPA miðstöðin hefur náð þeim árangri á liðnum árum að sveitarfélög fara nú eftir útreikningum miðstöðvarinnar, sem eru í sífeldri endurskoðun og þróun, en það fer hins vegar mikil vinna í það ár hvert að eltast við hækkanir á töxtum og tryggja að réttar greiðslur berist frá sveitarfélögum vegna NPA samninga.

NPA miðstöðin er öflugur málsvari og hagsmunaafli fyrir innleiðingu NPA á Íslandi og framgangi hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. Þannig skrifar miðstöðin umsagnir við lagafrumvörp innan málafloksins og skrifar greinar og vekur athygli á umræðum og fréttum sem varða hagsmuni fatlaðs fólks. NPA miðstöðin rekur einnig fjölda mála fyrir sveitarfélögum og úrskurðarnefnd velferðarmála um fjölda ágreiningsefna og hefur náð miklum árangri fyrir stóran hóp fólks.

Þess ber að geta að NPA miðstöðin átti frumkvæði að og leiddi baráttuna fyrir auknu fjárframlagi til NPA árið 2023 og 2024, en að óbreyttu hefði ekki verið um neina fjölgun NPA samninga að ræða.

2.9.5 Þróun og uppbygging NPA miðstöðvarinnar

Nánast allt sem NPA miðstöðin gerir, hvort sem það er siðasáttmáli, handbækur, eyðublöð eða jafnvæld dagleg álitamál, er frumkvöðlastarf og þarf að vinna frá grunni út frá hugmyndafræði NPA, út frá íslensku regluverki og þeim áherslum sem NPA miðstöðin vill móta í sinni starfsemi. Jafnframt er haft mikið samráð við félagsfólk, þar sem það á við, eins og t.d. við gerð siðasáttmálans, þegar ákveðið var að skipta um merki og flytja í annað húsnæði. Slíkt samráð er nauðsynlegt í starfi samvinnufélags en krefst um leið aukinnar vinnu og getur lengt vinnsluferli verulega.

NPA miðstöðin hefur stækkað ört á undangengnum árum. Um mitt ár 2018 voru tvö starfandi á skrifstofu miðstöðvarinnar og hvorugt þeirra í fullu starfi. Í dag, tæplega fimm árum seinna, eru 17 starfandi á skrifstofunni (þar af 1 í barneignaleyfi). Á sama tíma hefur fjöldi félagsfólks farið úr 17 árið 2018, upp í 63 í dag, sem er töluvert meira en þrefoldun.

Slíkur vöxtur kallar á ýmis ný úrræði, verkferla, forrit, kerfi, þjálfun og nýja þjónustuþætti og geta á köflum fylgt einhverjir vaxtarverkir. NPA miðstöðin er hverju sinni, ævinlega með verkefni í vinnslu sem miða að því að bæta þjónustu miðstöðvarinnar og/eða efla verkstjórnendur í sínu hlutverki.

NPA miðstöðin er enn þá ungt félag í mótu og lítur björtum augum til framtíðar og frekari uppbyggingar miðstöðvarinnar og því samhliða að halda áfram að bæta þjónustu miðstöðvarinnar sem umsýsluaðili fólks með NPA og sem hagsmunaafli fatlaðs fólks.

Stjórn og starfsfólk NPA miðstöðvarinnar þakkar félagsmönnum, NPA aðstoðarfólki og fjölmögum samstarfsaðilum ríkis, sveitarfélaga, stéttarfélaga, annarra hagsmunaaðila og einstaklinga fyrir samskiptin á liðnu starfstímabili.